ÞITT EINTAK

# SIRKUS

14. JÚLÍ 2006 I 28. VIKA



## ANTISPORTISTAR HJÓLA HRINGINN

## HVERT Á AÐ FARA? FORSKOT Á VERSLUNAR-MANNAHELGINA

# 90'S BYLGJAN SKOLLIN Á

– STÆRSTA PARTÍ ÁRSINS FER FRAM Á ELLEFUNNI Á LAUGARDAGSKVÖLD. ÞAU DJ CURVER OG DJ KIKI-OW ERU FARIN AÐ PREDIKA 90'S BOÐSKAPINN OG ÁÐUR EN LANGT UM LÍÐUR VERÐUR 2 UNLIMITED FARIÐ AÐ HLJÓMA Á ÖLLUM SKEMMTISTÖÐUM BORGARINNAR.

+ ALLT SEM ÞÚ ÞARFT AÐ VITA UM MENNINGAR- OG SKEMMTANALÍFIÐ Í REYKJAVÍK

# SMIRNOFF-PARTÍ Í LOFTKASTALANUM



**Í KVÖLD ER HALDIÐ SMIRNOFF-PARTÍ Í STÚDÍÓI LOFTKASTALANS. FRANSKUR PLÖTUSNÚÐUR ER KOMINN HINGAÐ TIL LANDS TIL ÞESS AÐ SPILA FYRIR GESTINA Í TEITINU.**

Annað kvöld verður haldið Smirnoff-partí á vegum sömu aðila og héldu magnað partí á Hótel Borg síðasta sumar. Í því partíi var það DJ Spinna sem mætti hingað til lands og hélt uppi brjáluðu stuði. Partíið þótti heppnast afar vel og var vel sótt. Stefnt er að svipuðu fjöri þetta árið en partíið er nú haldið í stúdíói Loftkastalans. Ekki vantar útlensku nöfnin til þess að spila. Núna er það franskur plötusnúður sem kemur frá frönsku electro-útgáfufyrirtæki sem heitir Kitsune. Það er eitt heitasta dansleibelið í dag og hefur verið með regluleg partí á heitustu stöðunum í París, Berlín og Tókýó. Einnig koma fram Dj Alfons X, Dj Casanova og Steed lord. Það verður að hafa miða til að komast inn og er miðinn festur á Smirnoff-flösku sem fólk fær afhenta, líkt og var í fyrra, málið er að ef þú ert með miða, þá ferðu inn = engin röð. Þannig að það er um að gera að verða sér úti um flösku. Fólk getur kíkt á myspace-síðuna og sent fyrirspurnir um miða og annað sem það vill vita. Slóðin er: http://www.myspace.com/smirnoff101.

**ROBBI CRONIC ER MAÐURINN Á BAKVIÐ PARTÍIÐ.**

## SIRKUS MÆLIR MEÐ



Dead-fatalínan var lengi vel heitasti skíturinn á Klakanum. Svo fór köld hendi mainstreamsins að læsa krumlunum í fötin. Áður en maður áttaði sig á því hvað var á seyði voru krakkar farnir að fermast í Dead-jakkafötum. Bó Halldórs og Rúnar Júl sáust skarta jökkum með hauskúpunni frægu á síðum glanstímaritanna. Fátt er púkalegra en að klæða sig eins og Bó. En fyrir skemmstu ákvað Jón Sæmundur að bera verslun sína til grafar. Nú er einmitt tíminn til þess að næla sér í síðustu flíkurnar úr búðinni eða þá að dusta rykið af gamla jakkanum og klæðast honum sem sorgartákni.



Sirkus mælir með nýjasta disknum með Dr. Mister og Mr. Handsome. Þessir gaurar eru eins bad-ass og þeir gerast: flottir, sexí og hættulegir. Strákarnir pósa berir að ofan, við alvæpni. Þeir syngja um kókaín, partí og tryllt kynferðismök. Diskurinn kemur út undir COD music-merkinu í næstu viku og ber hinn viðeigandi titil Dirty Slutty Hooker Money. Setjið þennan á fóninn, takið eina línu, sleikið hárið aftur og „dry-humpið" einhvern.



Sirkus mælir með brúnkuspreyi hjá Fyrir & eftir, það er ekki hægt að treysta á sólina á þessu skítalandi og ljósabekkirnir virka of hægt, langgáfulegast er að skella sér í brúnkusprey og þú verður jafn brúnn og Ásgeir Kolbeins á 5 sekúndum og getur farið að girða niðrum þig og losa um spenning.



Sirkus mælir með því að skalla fólk. Hvert mannsbarn hefur nú séð Zidane skalla Materazzi á úrslitaleik HM í fótbolta. Það er greinilegt að þetta er það heitasta í sumar og má búast við því að allir verða að skalla fólk í bringuna næstu mánuði. Þú getur byrjað á því að skalla mömmu og pabba, unnið þig síðan upp í að skalla vini og vandamenn. Þegar þér finnst þú tilbúin/n getur þú haldið galvaskur/-vösk niður í bæ og skallað stöðumælaverði, afgreiðslufólk í búðum eða túrista.

## SONUR TÍUNDA ÁRATUGARINS

Þegar tíundi áratugurinn gekk í garð var ég sjö ára. Þá voru fighter-jakkarnir svokölluðu að líða undir lok. Svartir, dökkbláir eða grænir og allir appelsínugulir að innan. Það þótti flott. Um miðjan tíunda áratuginn var ég mættur á grunnskólaböll sem stóðu til 22 á kvöldin. Um svipað leyti hlustaði ég öllum stundum á diskinn Trans dans sem ég hafði fengið í jólagjöf. Þar voru lög eins og Rythm is dancer sem fengu hvað mesta spilun í tækinu. Ég safnaði líka körfuboltamyndum en var þó aldrei mikill Jordan-maður enda alltaf verið vinur litla mannsins. Undir lok tíunda áratugarins leit ég niður á þessi danslög þó svo að ég væri alltaf tilbúinn að rjúka út á gólf þegar þau voru spiluð. Hins vegar lofaði ég 80's tímabilið sem mér þótti það langt í burtu að ég gæti alveg sagt að það væri töff – allavega geðveikt flippað. Nú virðist sem 90's sé að öðlast sömu virðingu. Ég fagna því enda er ég sonur tíunda áratugarins.

Sólmundur Hólm




SIRKUS

365

**Auglýsingastjóri:** Jóhannes Már Sigurðarson
**Kynningarstjóri:** Guðmundur Arnar Guðmundsson
**Sölustjóri:** Hörður Jóhannesson hordur.johannesson@365.is
**Ritstjórn:** Sigríður Ella Jónsdóttir, Hjörvar Hafliðason
**Áskrift:** 550 5000 / askrift@365.is
**Prentun:** Ísafoldarprentsmiðja




Forsíðumyndina tók Hari af Kiki-Ow

## EFNI


**4** – Partí-Hanz tekinn á teppið
**6-7** – Nexusnördarnir opna sig
**8** – Íslenska kom mér í hljómsveit
**10** – Nana lét pabba smíða giftingarhringinn
**12** – Manúela og Karen Lind blogga frá Ameríku
**16-17** – 90´s er komið aftur
**20-21** – Antisportistar hjóla hringinn fyrir Spes-samtökin
**22-23** – Sirkus fylgir straumnum
**27-28** – Allt sem þú þarft að vita um menningar- og skemmtanalífið
**31** – Fréttastofa Gillz þorir meðan aðrir þegja



4


8


10


20-21


22-23


31

CITROËN

Sjáðu

Sjáðu flotta hönnun

**Frumsýning C1**

Komdu í Brimborg. Komdu í nýjan sýningarsal Citroën að Bíldshöfða 8.

**Komdu í kaffi og kleinur**

**Sóltilboð gildir aðeins til 4. ágúst n.k.**




# Sniðugir Frakkarnir.

Þegar tveir bílar mætast fara þeir hvor í sína átt. Ólíkt því þegar Toyota mætti Citroën. Tveir stórir bílaframleiðendur tóku mál hvor af öðrum og fannst sniðugt að nýta þann mun sem er á þeim og hanna saman mætan bíl. Samvirknin gaf af sér risasmáa tvíbura: Citroën C1 og Aygo frá Toyota. Nú er mál að skipta. Komdu í Brimborg. Sjáðu Citroën C1 - í nýjum sýningarsal Brimborgar, Bíldshöfða 8.
Sniðugir Frakkarnir. Eigðu franskan tvíbura: 3 eða 5 dyra.

**Veldu Citroën. Við staðgreiðum gamla bílinn þinn**

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú nýjan bíl frá Brimborg. Þú losnar við allt umstang við að selja og lækkar þinn kostnað. Komdu í Brimborg. Kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Citroën.




**Citroën C1 SX 1,0i 3 dyra 5 gíra 68 hö***
Bílasamningur 16.669 kr.
Rekstrarleiga 26.800 kr.
Verð án sóltilboðs 1.395.000 kr.
Sóltilboð 1.355.000 kr.

## Skoðaðu úrval risasmárra Frakka: C1, C2 og C3



**Citroën C1 SX 1,0i 5 dyra 5 gíra 68 hö***
Bílasamningur 16.866 kr.
Rekstrarleiga 27.500 kr.
Verð án sóltilboðs 1.435.000 kr.
Sóltilboð 1.395.000 kr.



**Citroën C2 VTS 1,6i 3 dyra 5 gíra 125 hö***
Bílasamningur 21.455 kr.
Rekstrarleiga 33.600 kr.
Verð án sóltilboðs 1.849.000 kr.
Sóltilboð 1.749.000 kr.



**Citroën C3 SX 1,4i 5 dyra 5 gíra 75 hö***
Bílasamningur 19.730 kr.
Rekstrarleiga 30.900 kr
Verð án sóltilboðs 1.629.000 kr.
Sóltilboð 1.599.000 kr.

**Sóltilboð gildir aðeins til 4. ágúst n.k.**

sóltilboð

**Skoðaðu Citroën í nýjum og glæsilegum sýningarsal. Bíldshöfða 8.**

Brimborg Bíldshöfði 8
Brimborg Bíldshöfði 6
MAX1 Bílavaktin

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.citroen.is

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

Sumarið er í Brimborg

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.citroen.is

*Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 60.000 km akstur á tímailinu. **Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

JÓHANN ÓLAFUR EÐA PARTÍ-HANZ HEFUR HAFT Í NÓGU AÐ SNÚAST AÐ UNDANFÖRNU. NÝLEGA LOKAÐI HANN VEFSÍÐUNNI KALLARNIR.IS SEM LENGI VEL VAR VINSÆLASTA HÓPBLOGGSÍÐA LANDSINS. DRENGIRNIR SLÓGU Í GEGN MEÐAL ALMENNINGS OG HEFUR FJÖLDI UNGMENNA REYNT AÐ FETA Í FÓTSPOR KALLARNIR.IS MEÐ MISLUKKUÐUM ÁRANGRI. SIRKUS TÍMARIT YFIRHEYRÐI PARTÍ-HANZ Á SINN HÁTT.




# ÚTILOKA EKKI COMEBACK HJÁ KÖLLUNUM.IS

**Hvað myndirðu kalla þig ef þú værir klámmyndaleikari í Bandaríkjunum?**
The Sexecutioner.

**Ef þú myndir skora sigurmarkið í úrslitaleik HM í fótbolta, hvernig myndirðu fagna?**
Ég myndi hlaupa að stuðningsmönnum andstæðinganna, rífa mig úr og taka double bisep pose beint fyrir framan þá.



**Lestu fyrir mig síðasta SMS-ið sem þú fékkst og frá hverjum er það?**
Ég fékk reikningsstöðuna frá bankanum. Mjög spennandi.

**Hvað heldur þú að Materazzi hafi sagt við Zidane?**
Held að hann hafi kallað mömmu hans hryðjuverkahóru.

**Af hverju lokaðir þú köllum?**
Fyrir það fyrsta verðum við velflestir fertugir í haust og svo fannst mér leiðinlegt hvað yngri meðlimir síðunnar notuðu hana mikið til að ná sér í poon-tang.



**Hvað er best við að vera frægur á Íslandi?**
Ég fæ frítt að éta hvert sem ég fer. Það er kostur.

**Hefurðu fordóma gagnvart hreinum sveinum?**
Nei, það get ég ekki haft. Ég var það allt þar til í fyrra.

**Hefurðu prumpað í bíó?**
Já! Ég skemmdi myndina The Italian Job með Mark Wahlberg og Edward Norton fyrir ófáum bíógestum í Laugarásbíói um árið með nokkrum sprengjum.



**Hvernig myndirðu hafa auglýsinguna þína á einkamal.is?**
39 ára tölvuáhugamaður og raftækjagúrú leitar að aðila af gagnstæðu kyni til að eiga holdlegt samræði með. Tölvukunnátta kostur.

**Hefurðu einhvern tíman höstlað út á að þekkja Gillzenegger?**
Hver er Gillzenegger? Er það gaurinn sem var í Flórída-auglýsingunni?



**Hefurðu spáð í að tattúvera nafn kærustu þinnar á upphandlegginn á þér?**
Nei, það hef ég ekki gert.

**Sly Stallone eða Schwarzenegger?**
Arnold Schwarzenegger. Mun harðari.

**Ef þú sæir Hemma Gunn fullan niðri í bæ myndirðu þá hringja í Séð og heyrt og segja þeim frá og fá smá aukapening?**
Nei, en ég myndi slást í lið með honum.

**Myndirðu leyfa konunni þinni að fara einni í sólarlandaferð ef þú vissir að ítalska landsliðið í knattspyrnu væri þar fyrir?**
Hiklaust, hún heldur með Englandi.

**Böggarðu alltaf fræga á djamminu?**
Já, ég lími mig á Villa WRX ef ég sé hann á kæjanum.

**Heldurðu að netsíðan kallarnir.is eigi eftir að eiga comeback?**
Það er aldrei að vita nema að við félagarnir yngjum okkur aðeins upp með góðri HGH-keyrslu og mætum ferskir til baka.

ÍDAG VERÐUR HALDIN HÁTÍÐ FYRIR METALHAUSA LANDSINS. EISTNAFLUG VAR HALDIÐ Í FYRSTA SKIPTI ÁRIÐ 2005 OG MUN VERÐA ENNÞÁ ROKKAÐRA Í ÞETTA SKIPTIÐ.

# METALFEST Á NESKAUPSTAÐ Í DAG

**Í fyrra var rokkhátíðin Eistnaflug haldin á Neskaupstað og nú um helgina á að endurtaka leikinn. Síðasta hátíð tókst mjög vel sökum harðrar tónlistar og gríðarlegrar stemmingar. Talað er um að Eistnaflugið í ár verði ennþá veglegra og hefur magnaðri stemmingu verið lofað. Tónleikahaldarar landsins virðast ekkert hræðast hið umtalaða offramboð af tónleikum í sumar. Þetta er að sjálfsögðu vegna þess að þeir vita að Íslendingar þurfa að rokka almennilega út jafn mikið og þeir þurfa vatn og súrefni. Auk þess þekkja þeir sem stundað hafa þessar þungrokkshátíðir hversu brjáluð stemming getur myndast þrátt fyrir fámenni.**

**Fjölmargir þekktir rokkarar og bönd munu stíga á stokk, þar á meðal: Morðingjarnir, Nevolution, Innvortis, Denver, Sólstafir, Severed Crotch, Fræbblarnir og Dr. Gunni og fleiri.**

**Hátíðin er hefðbundin útihátíð að því leyti að gist er í tjöldum og eru tjaldstæðin ókeypis. Miðinn á rokkið kostar litlar 1000 krónur og þykir það ekki mikið miðað við að rokkað verður frá hádegi til miðnættis. Ekkert er aldurstakmarkið og eru allir velkomnir. Nánari upplýsingar er hægt að nálgast á slóðinni www.myspace.com/eistnaflug**



**MORÐINGJARNIR** Þessir strákar hafa kvatt sér hljóðs undanfarin misseri.



**NEVOLUTION** Rokkarar að norðan.



**FRÁ EISTNAFLUGI 2005.**

## SIRKUS MÆLIR EKKI MEÐ



Sirkus mælir alls ekki með bandarísku sjónvarpsefni. Ef fólk þarf að vera að hanga inni í blíðunni og sjóða í sér heilasellurnar væri því nær að koma sér í austur-evrópskan fíling og stilla á Polsat eða kíka á fréttirnar hjá frændum okkar Dönum á DR2. Hvað er annars í gangi með bandarískt sjónvarpsefni? Miðað við sjónvarpsþættina þeirra mætti halda að eina fólkið sem byggir þetta land séu lögfræðingar og löggur. Tvær andstyggilegustu starfstéttirnar á jarðkringlunni.



Sirkus mælir ekki með að fólk sé að missa sig í íróníunni í klæðaburði. Þegar fólk klæðir sig írónískt eins og í bleikar hettupeysur eða einhverja ljóta pallíettukjóla er það að senda heimsbyggðinni þau skilaboð að múnderíngin þeirra sé eitt stórt „Ta-Da!“. Ef lúkkið þitt er punch-lína í einhvern ósagðan brandara ertu að gera eitthvað vitlaust. Við skulum ekki leyfa póstmódernismanum að ná tökum á alheiminum með því að kitsch-væða klæðaburð okkar.



Það er sorglegur atburður í lífi hvers karlmanns þegar hárið fer að þynnast. Því er hér með lýst yfir að það er EKKERT sem hægt er að gera í því. Þegar gaurar raka á sér hausinn, safna hökutopp og setja sólgleraugu á ennið til þess að herma eftir kollvikum er það bara sorglegt. Það er alveg eins hægt að vera með „combover“ eins og súrir gamlir kallar. Sætið ykkur við hárleysið og einblínið á hversu góðra manna hóp þið eruð í: Lenín, Júlíus Sesar og Ómar Ragnarsson.



Heimavinnandi húsmæður og þeir sem hafa lítið að gera eftir vinnu þekkja til mannfjanda sem kallar sig Dr. Phil. Þættir hans eru sýndir á Skjá einum á eftirmiðdögum. Doktorinn öðlaðist frægð fyrir hreinskilnar sálgreiningar sínar hjá Opruh Winfrey. Það sem færri vita er að kallinn hefur verið kærður fyrir siðferðisbrot í starfi fyrir að halda við 19 ára skjólstæðing sinn, rannsakaður af lyfjaeftirliti Bandaríkjanna fyrir meingallað megrunarlyf og gagnrýndur fyrir stuttar og illa upplýstar sálgreiningar á gestum sínum. En hörðustu gagnrýnina fær hann samt fyrir að vera leiðinlegur og pirrandi drullusokkur.




LEVI STRAUSS & CO.


Sirkusmynd GVA

ÚTSALAN Í FULLUM GANGI.

# SÁPUR, ÆVINTÝRI & BRJÁLUÐ SPENNA

**ÞAÐ KANNAST ALLIR VIÐ ÞAÐ AÐ HAFA SETIÐ TÍMUNUM SAMAN OG FLETT GÓÐU ANDRÉSBLAÐI. ÞAU ERU ÞÓ EINUNGIS FYRIR BYRJENDUR EF MIÐAÐ ER VIÐ ÞÁ ALLRA HÖRÐUSTU Í MYNDASÖGUBRANSANUM. SIRKUS TALAÐI VIÐ NOKKRA AÐILA SEM ERU STÓRIR KÚNNAR Í VERSLUNINNI NEXUS SEM SELUR ALLT SEM MYNDASÖGUSÉNÍIÐ GIRNIST.**

ÞÓRHALLUR Í NEXUS, MYNDASÖGUSÉNÍ.


Sirkusmynd GVA

## ÞÓRHALLUR BJÖRGVINSSON, 37 ÁRA OG VERSLUNARMAÐUR Í NEXUS.

*Vinsælasta myndasagan í Nexus?*
„Death Note, vegna þess að hún fjallar um ungan mann sem öðlast vald mannsins með ljáinn og við þekkjum öll einhverja sem okkur finnst eiga skilið að hrökkva upp af.
*Nýjasta myndasagan?*
„Umbra, sakamálasaga sem gerist á Íslandi."
*Uppáhaldsmyndasagan þín?*
„Nana, af því að hún er æðisleg sápa um ungar konur í Japan og ef ég væri ekki ég vildi ég vera ung kona í Japan… Alvöru Karlmenn lesa NANA!
*Lélegasta myndasagan?*
„Allt sem Rob Liefeld hefur teiknað (nema Alan Moore-sögur).
*Af hverju?*
„Af því að maðurinn sökkar illilega."
*Ofmetnasta myndasagan?*
„Garfield, af því að meira að segja kettinum mínum finnst hann leiðinlegur."
*Hvað eyðir þú mörgum klukkutímum á dag í að lesa myndasögur?*
„Eins mörgum og konan leyfir mér."
*Hvaða ofurhetja/persóna værir þú til í að vera?*
„Spiderman, þá gæti ég kannski losnað við helvítis kóngulóafóbíuna."
*Hvað eyðir þú miklum peningum í myndasögur á mánuði?*
„Hvað meinarðu? Ég VINN í Nexus!"
*Hvers vegna myndasögur?*
„Af því að þær sameina helstu kosti skáldsagna og kvikmynda."
*Hvað áttu mörg blöð?*
„Ég neita að svara þessari spurningu á þeim grundvelli að svarið gæti fengið fólk til að halda að ég sé einhver nörd."



**„GARFIELD ER OFMETNASTA MYNDASAGAN, AF ÞVÍ AÐ MEIRA AÐ SEGJA KETTINUM MÍNUM FINNST HANN LEIÐINLEGUR."**


PÉTUR BREKI MYNDASÖGUSÉNI.

Sirkusmynd Heiða

# PÉTUR BREKI BJARNASON, 16 ÁRA, STARFSKRAFTUR Í NÓATÚNI HRINGBRAUT EN ER AÐ BYRJA Í MH Í HAUST.

*Uppáhaldsmanga?*
„Erfitt val, enginn vafi á því, Blade of the Immortal eftir Hiroaki Samura því að í 5. bekk voru blóðsúthellingar og sverðaglamur nóg til að heilla hvaða krakka sem er, eyddi mörgum dögum yfir ævintýrum Manji & Rin í teiknistíl sem er jafn eftirtektarverður og hávaxinn rauðhærður maður í Japan. Good Stuff.“
*Uppáhaldsanime?*
„Fruits Basket, Tohru Honda flytur inn á heimili þriggja manna sem breytast í dýr samkvæmt kínversku stjörnumerkjunum, skipar sér samstundis í fremstu raðir. Klassík.“
*Lélegasta mangað?*
„Án efa Legendz eftir Makoto Haruno og Rin Hirai. Serían fer eftir gömlu þreyttu formúlunni: Vinskapur, traust og furðuverur. Einstaklega illa framkvæmt og heiladautt. Þetta hefur allt verið gert áður í gegnum Pokémon og Digimon.“
*Ofmetnasta mangað?*
„Ef manga er gott, þá er það vel metið, það eru aðeins minnihlutahópar og nýgræðingar sem lesa slæmt manga.“
*Hvað eyðir þú mörgum klukkutímum í að lesa myndasögur á dag?*
„Í fyrsta lagi heitir það manga, myndasögur eru saur eins og súperman/the punisher/batman/spider-man. Þegar Nexus fær góða sendingu er oft eytt heilu dögunum í lestur á góðu manga við kertaljós og rauðvín.“
*Hvaða ofurhetja/persóna værir þú til í að vera?*
„Lee Bailong úr Shaman King eftir Hiroyuki Takei. Lee „Hvíti drekinn“ Bailong, kung-fu meistari sem dó þrítugur.“
*Hvað eyðir þú miklum peningum í myndasögur á mánuði?*
„Manga, 20–30 þúsund. Á góðum mánuði upp í kr. 40.000. Allt í nafni lista og afþreyingar.“
*Hvers vegna manga?*
„Manga gengur út á persónusköpun og söguþráð, þrátt fyrir að fylgja oftast ákveðinni formúlu ná höfundarnir langoftast að gera bækurnar bæði ávanabindandi og æðri öllum öðrum miðlum.“
*Ertu í einhverju mangafélagi?*
„Ég og eldri bróðir minn, Nökkvi Jarl Bjarnason18 ára, erum báðir miklir safnarar og eigum um 600 bækur hvor, og höldum við talningardaga öll jól.“
*Bestu búðirnar til að kaupa myndasögur?*
„Nexus á Hverfisgötu er eina búðin sem selur manga á Íslandi, ég nota netið til að kaupa bækur og anime (japanskar teiknimyndir), sem er stór partur af otaku-menningunni (einbúamenningunni).
*Hverju mælir þú með fyrir forvitna?*
„Svo sem amazon.com/co.uk, Animecornerstore.com, toycup.com, jafnvel ebay.com.“

**„ÉG OG ELDRI BRÓÐIR MINN NÖKKVI ERUM BÁÐIR MIKLIR SAFNARAR OG EIGUM UM 600 BÆKUR HVOR OG HÖLDUM VIÐ TALNINGARDAGA ÖLL JÓL.“**

ENDALAUST ÚRVAL




# LÁRA DANÍELSDÓTTIR, 16 ÁRA OG EINS MÁNAÐAR OG ATVINNULAUS. VILL EINHVER RÁÐA MIG?



*Uppáhaldsmyndasaga?*
„Það er ekki bara ein, Saikano, Johnny the homicidal maniac og Snakepit eru í uppáhaldi hjá mér. Saikano er ekkert nema drama og þess vegna verður maður frekar háður því en JTHM er fyndið og frekar ógeðslegt.“
*Lélegasta myndasagan?*
„Ég veit ekki, kannski naruto... vona að ég verði ekki hötuð fyrir að segja þetta, en ég hef allavega ekki kynnt mér það nógu vel svo ég get varla dæmt.“
*Ofmetnasta myndasagan?*
„Líklegast Yu-gi-oh.“
*Hvað eyðir þú mörgum klukkutímum á dag í að lesa myndasögur?*
„Öllu kvöldinu og nóttinni þess vegna ef sagan er það spennandi.“
*Hvaða ofurhetja/persóna værir þú til í að vera?*
„Erfitt val, allavega ekki Chise í Saikano samt, hún er the ultimate weapon og þarf bæði að höndla það og að eiga kærasta sem vill flýja af því að það er stríð.“
*Hvað eyðir þú miklum peningum í myndasögur á mánuði?*
„Ég kaupi mér sjaldan myndasögur, kannski í kringum 1000–1500 krónum, annars bíð ég oftast eftir því að vinkona mín sé búin að lesa sínar og þá tek ég við af henni.“
*Hvers vegna myndasögur?*
„Af því það eru myndir með og oft ekki of mikill texti.“
*Hvað áttu mörg blöð/bækur?*
„Sex bækur og átta blöð, frekar lítið safn.“
*Bestu búðirnar til að kaupa myndasögur?*
„Á Íslandi myndi ég segja að Nexus væri besta búðin.“
*Hverju mælir þú með fyrir forvitna?*
„Ég les líka mikið af myndasögum á netinu, til dæmis White Ninja og svoleiðis. Það er eitthvað sem ég mæli eindregið með; www.whiteninjacomics.com.“


AUÐUR OG LÁRA MYNDASÖGUSÉNÍ.

Sirkusmynd Valli

# AUÐUR ÝR, 16 ÁRA, ER EKKI AÐ GERA NEITT Í AUGNABLIKINU.



*Uppáhaldsmyndasaga?*
„Ég held að það sé bara Saikano, þetta er svo ótrúlega falleg saga, alveg rosalega dramatísk. Mér finnst myndirnar í bókinni svo flottar og ég er algjörlega ástfangin af sögupersónunum.
*Lélegasta myndasagan?*
„Ég hef bara ekki ennþá lesið myndasögu sem mér finnst ekki góð.“
*Ofmetnasta myndasagan?*
„Ég held bara að mér finnist það vera Dragonball. Það eiga ekki mjög margir eftir að verða ánægðir með að ég segi það en ég bara skil ekki hvað fólki finnst svona frábært við þessar bækur.“
*Hvað eyðir þú mörgum klukkutímum á dag í að lesa myndasögur?*
„Ég get nú ekki sagt að ég eyði mörgum klukkutímum í það að lesa myndasögur á dag, en ég les bækurnar mínar við og við.“
*Hvaða ofurhetja/persóna værir þú til í að vera?*
„Momiji Sohma í Fruits Basket , því hann er svo óendanlega krúttlegur og líka svo hress.“
*Hvers vegna myndasögur?*
„Því þær eru svo skrautlegar. Mér finnst svo gaman að skoða smáatriðin í myndunum, mér finnst líka miklu auðveldara að lifa mig inn í söguna ef ég hef myndirnar fyrir framan mig og átta mig á persónunum ef ég veit hvernig þær líta út.
*Hvað áttu margar bækur?*
„Ég á 21 bók, vonandi bætast þó fleiri við í sumar.“
*Bestu búðirnar til að kaupa myndasögur?*
„Ég kaupi bara í Nexus, veit ekki um aðra staði á Íslandi það sem ég get fengið svona bækur nema bara bókasafnið.“



BELLE AND SEBASTIAN Á TÓNLEIKUM

# ÞAÐ VAR ÍSLENSKA SEM KOM MÉR Í HLJÓMSVEITINA

**EIN ÞEKKTASTA INDÍ-HLJÓMSVEIT HEIMS, BELLE AND SEBASTIAN, MUN HALDA TVENNA TÓNLEIKA HÉRLENDIS Í LOK MÁNAÐARINS. SIRKUS BJALLAÐI Í SÖNGKONU OG FIÐLULEIKARA HLJÓMSVEITARINNAR, SARAH MARTIN, OG TÓK PÚLSINN Á STELPUNNI.**

Í lok mánaðarins mun skoska hljómsveitin Belle and Sebastian halda tvenna tónleika á Íslandi. Hljómsveitin var stofnuð í Glasgow árið 1996 og gaf út breiðskífuna If You´re Feeling Sinister sama ár. Tveimur áður síðar kom út platan The Boy With The Arab Strap. Platan festi hljómsveitina í sessi sem mikinn áhrifavald í indí-tónlist og hlutu þau Brit-verðlaunin sem efnilegasta sveitin í kjölfarið. Meðlimir Belle and Sebastian fóru huldu höfði fyrstu árin, leyfðu engum að taka viðtöl við sig og neituðu að birta myndir af sér. Tónleikar þeirra fóru gjarnan fram á sérkennilegum stöðum, svo sem bókasöfnum eða í kirkjum. Tíu ár eru liðin frá stofnun sveitarinnar og eru þau eitt þekktasta nafnið í indí-tónlist í dag.



### BORGARFJÖRÐUR HEILLAR

„Ég er mjög spennt fyrir ferðinni til Íslands af því að mig hefur alltaf langað að koma þangað.“ segir Sarah Martin, eins og sönnum útlending sæmir. „Þá er ég sérstaklega spennt fyrir tónleikunum í Borgarfirði. Þetta verður örugglega afskekktasti staður sem við eigum eftir að koma fram á á ævinni. Hljómsveitin ferðast náttúrulega eitthvað um landið og svo ætlum ég og kærastinn minn að vera aðeins lengur og kanna landið.“



**SLAGSMÁLAHUNDARNIR**
Kristín og Gyða Valtýsdætur framan á Fold Your Hands Child, You Walk Like a Peasant.

### EGLURANNSÓKNIR BELLE AND SEBASTIAN

Sarah er langt því frá ókunn landi og þjóð og er víðlesin í íslenskum fræðum. „Þegar ég var í háskóla lærði ég fornníslensku og las mjög mikið af Íslendingasögum. Ég er nýbúin að lesa Snorra-Eddu til þess að rifja þetta upp allt saman. Reyndar var ég í íslenskutímum með kærustunni hans Stuarts, forsprakka Belle and Sebastian, og þannig hitti ég strákana í hljómsveitinni. Þannig það voru íslenska og Eglurannsóknir mínar sem komu mér inn í hljómsveitina,“ segir Sarah og hlær.

### MÚM Í SLAGSMÁLUM Á ENGLANDI

Gyða og Kristín Valtýsdætur úr hljómsveitinni Múm sátu fyrir á umslagi plötunnar Fold Your Hands Child, You Walk Like a Peasant. „Þetta var konseptið hans Stuarts. Hann fór til Íslands að taka myndirnar af stelpunum og þá sá ég tækifæri til þess að koma með. Mig langaði að fara sem aðstoðarkona hans en þá heimtaði Steve [Jackson] að fá að koma með og þetta endaði á því að Stuart fór einn. Við hittum stelpurnar fyrst árið 1999 á tónlistarhátíð í Camber Sands [á Englandi]. Krakkarnir í Múm voru þarna hangandi niðri á strönd. Við sáum þau alltaf vera að lenda í einhverjum slagsmálum, að skemmta sér eins og klikkaðir krakkar eiga að gera. Stuart eyddi einhverjum tíma með þeim og ákvað að fá Gyðu og Kristínu til þess að sitja fyrir á koverinu.“



**KRÚTTLEGASTA KRÚTTIÐ**
Emilíana Torrini mun hita upp fyrir Belle and Sebastian.

### ENGIR HNAKKAR

Eins og áður sagði er Sarah eina stúlkan í bandinu en hún segir það ekki há sér. „Það er allt í lagi. Kærustur og eiginkona strákanna koma oft með okkur á tónleikaferðalög. Ég er hvort eð er dáldil strákastelpa og strákarnir eru engir hnakkar heldur. Þeir eru ekki þessar rokkaraklisjur.“

Sarah Martin segist vera spennt fyrir íslenskri tónlist og menningu „Ég á því miður engar plötur með Emilíönu [Torrini] en það sem ég hef heyrt hjá vinum og kunningjum er ég mjög hrifin af. Ég fíla Björk náttúrulega mjög vel. Ég var aðeins of ung til þess að hlusta mikið á Sykurmolana. Ég var 18 ára þegar Björk varð stórt nafn á Englandi og ég fílaði hana mikið. Mér finnst hún mjög eiturkúl.“

Belle and Sebastian heldur tvenna tónleika á Íslandi. Þeir fyrri verða á Nasa þann 27. júlí og þeir síðari í Bræðslunni í Borgarfirði eystra þann 29. júlí.



**STÚLKAN Í BANDINU**
Sarah Martin syngur í hljómsveitinni og spilar á fiðlu.


Útsala
adidas
concept store
Kringlunni

# PABBI BJÓ TIL GIFTINGAR-HRINGINN

„Ég var að gifta mig um helgina," segir Guðrún Lára Alfreðsdóttir, Nana sem sýndi okkur sína uppáhaldshluti að þessu sinni. „Þetta var yndislegt og fullkomið í alla staði," segir Nana um brúðkaupið en hún giftist Arndísi Hreiðarsdóttur sem jafnan er kölluð Dísa. „Allir okkar bestu vinir og fjölskylda samankomin. Allar vinkonur mínar eru söngkonur og þær héldu tónleika frá matnum og út kvöldið," segir Nana og hlær. „Ragga Gröndal kom og brilleraði meðal annars og þær voru bara hver annarri betri. Andrea Jóns var að DJ-a og hún þurfti að taka sér pásur reglulega til að hleypa vinkonunum að."

Annars er það að frétta af Nönu að hún er að fara á fullt með hljómsveit sinni The Nanas. „Við ákváðum að byrja eftir brúðkaupið og erum með tvö gigg um næstu helgi og svo er það bara Gay pride. Eftir það ætlum við að rúnta og halda tónleika ásamt annarri hljómsveit," segir Nana sem er á leið í hljóðver með sveit sinni að taka upp nýtt lag. „Það verður sennilega coverlag."



## KOMDU OG SKOÐAÐU Í KISTUNA MÍNA



Þetta er giftingarhringurinn. Pabbi minn er gullsmiður og hann gerði hringana fyrir okkur. Við bara treystum honum 100% til þess að gera hringana og fengum ekki að sjá þá fyrr en á altarinu. Þetta eru alveg draumahringar og ótrúlega fallegir. Við erum alveg í skýjunum með þá.



Þetta er hann Marley. Ég fékk hann í jólagjöf frá Dísu fyrstu jólin okkar saman. Þetta er fyrsti alvöru gítarinn minn því áður hafði ég bara átt brotna partígítara. Þessi hefur ekki brotnað enn. Ég og Dísa notum hann mikið til þess að semja og spila.



Þetta er besta rúm í heimi. Það á enginn annar svona gott rúm. Ég eyddi alveg fáránlega miklum peningum í það og á endanum þurfti amma að hjálpa mér að borga það. Þetta er svokallað tempur-rúm úr Betra baki. Það aðlagast bakinu. Það notast jafnt yfir allan daginn því ef mér er illt í bakinu þá leggst ég í það. Svo er þrjátíu ára ábyrgð á því. Þegar ég verð fimmtug þá get ég farið með það og látið laga það.

Amma mín gaf mér þetta píanó. Systir hennar átti það og þegar hún lést þá gaf amma mér það. Amma hefur stutt mig í tónlistinni, gefið mér námskeið og annað og veitt mér mikinn fjárhagslegan stuðning. Mér þykir rosalega vænt um þetta píanó því gamla frænka mín átti það í öll þessi ár. Soldið falskt eftir nokkra flutninga en hljómurinn er mjög heimilislegur.





Þetta er blómavasi. Ég fékk hann í brúðargjöf frá Sigrúnu Jónsdóttur vinkonu minni. Ég hef aldrei séð neitt jafn fallegt og þennan blómavasa. Ef hann brotnar þá verður haldin jarðarför. Það má ekki anda á hann. Nú eru komnar rauðar rósir í hann.

# Arthúr

## LOSTI




fjandinn.com/Arthur


ALVÖRU HAMBORGARI
Ruby Tuesday
BRAGÐGÓÐ SKEMMTUN
HÖFÐABAKKA 9 & SKIPHOLTI 19

MANÚELA ÓSK HARÐARDÓTTIR OG KAREN LIND TÓMASDÓTTIR ERU Á LEIÐ TIL LOS ANGELES AÐ FYLGJAST MEÐ SIF ARADÓTTUR Í KEPPNINNI MISS UNIVERSE. SIF TEKUR ÞÁTT Í MISS UNIVERSE FYRIR ÍSLANDS HÖND 23. JÚLÍ NÆSTKOMANDI. ÞÆR MANÚELA ÓSK OG KAREN LIND ERU ÞEGAR KOMNAR TIL BANDARÍKJANNA OG FYLGJAST MÁ MEÐ KEPPNINNI OG FERÐALAGI ÞEIRRA Á VEFSÍÐUNNI MINNSIRKUS.IS/UNGFRURNAR OG Á SJÓNVARPSSTÖÐINNI SIRKUS Á HVERJUM DEGI KLUKKAN 21.00.



# BLOGGA UM AMERÍKUFERÐALAGIÐ

„Ég ætlaði alltaf að fara til L.A. í haust en svo vann Sif óvænt og ég ákvað því að flýta ferðinni aðeins," segir Karen Lind Tómasdóttir æskuvinkona Sifjar Aradóttur ungfrúr Íslands sem keppir fyrir Íslands hönd í Miss Universe. Karen Lind og Manúela Ósk Harðardóttir, sem varð ungfrú Ísland árið 2002, eru komnar til Bandaríkjanna og ætla að fylgjast með þátttöku Sifjar í keppninni. Afraksturinn má sjá á vefsslóðinni minnsirkus.is/ungfrurnar og á sjónvarpsstöðinni Sirkus á hverjum degi klukkan 21.00.

„Þetta verður mikið fjör. Við ætlum að skella okkur á Yankees Stadium á laugardaginn og fara á hafnaboltaleik. Svo förum við yfir til L.A. og fáum að fylgjast með tökum á CSI Miami og eitthvað fleira skemmtilegt," segir Karen Lind sem er eins og áður segir vinkona Sifjar og það liggur við að hún sé spenntari fyrir keppninni en sjálf fegurðardrottningin.

„Það verður líka gaman fyrir Manúelu að kíkja á keppnina því hún átti að keppa á sínum tíma en veiktist og gat ekki tekið þátt, segir Karen Lind en undanfarin ár hafa sigurvegarar í Ungfrú Íslandi tekið þátt í Miss World-keppninni sem er nokkurs konar B-keppni.

*En er allt klárt fyrir þættina sem sýndir verða á kvöldin?*

„Já, það verður það en það má segja að allt hafi klikkað sem getur klikkað. Hljóðið, myndavélin og nefndu það bara," segir Karen og hlær.

## MADONNA VIL ÆTTLEIÐA EITT BARN



Madonna er 47 ára gomul, og er tískil ov gomul til at gerast við barn. Men hóast hetta, vil hon hava eitt barn afturat.

Hon og maðurin hava søkt um at góðkennast sum foreldur at einum ættleiðddum barni.

Sambært amerikanska îNational Enquirerî hava Madonna og maður hennara Guy Ritchie, avgjørt at ættleiða eitt barn. Keldurnar hjá blaðnum vilja vera við, at tey bæði royna at skunda undir viðgerðina, soleiðis at ættleiðingin kann fara fram, tá ið hennara heimsturné verður liðug í september.

Songkvinnan eigur 9 ára gomlu dóttrina Lourdes saman við fyrrverandi sjeiki sínum Carlos Leon, og saman við manni sínum Guy Ritchie, eiga tey 5 ára gamla Rocco. Madonna verður 48 tann 16. august.




MADONNA ER 47 ÁRA GOMUL, OG ER TÍSKIL OV GOMUL TIL AT GERAST VIÐ BARN.




# ÞÆR VORU RÁÐNAR

Þær Elín og Sigurbjörg slógu út yfir 400 manns sem sóttu um að stjórna mest spennandi sjónvarpsþætti sumarsins! Í þættinum Pípóla (merking: leika, dansa, spila) munu Elín og Sigurbjörg kanna hina ýmsu króka og kima íslensks samfélags. Þær setja sig í ólíkleg hlutverk í einn dag og leyfa þannig áhorfendum að kynnast lífi ólíkra hópa á reykvískum sumardögum.

FYLGSTU MEÐ!

Nú ná rúmlega 90% heimila landsins Sirkus TV. Sirkus er á rás 15 á ADSL, 69 á Breiðbandinu, 5 á Digital Íslandi en einnig er víða hægt að ná útsendingum stöðvarinnar með venjulegu loftneti.

# DRAUMAKONAN...

ANGELINA ER DRAUMAKONA MARGRA HVAÐ ÚTLITIÐ VARÐAR. KONUR ERU YNDISLEGAR. SUMIR EIGA SÉR ÞÓ DRAUMAKONU. ÞESSI DRAUMAKONA ER MIKIÐ RÆDD Á NETINU.





RYKSUGAR ALDREI MEÐAN BOLTINN ER Í GANGI.

BIÐUR ÞIG FREKAR UM AÐ KOMA AÐ HORFA Á BOLTANN Í STAÐINN FYRIR AÐ KÍKJA Í IKEA.

SEGIR: „VILTU EKKI BARA KÍKJA ÚT MEÐ STRÁKUNUM OG BEINT Á BARINN?“

BIÐUR ÞIG UM AÐ SLEPPA FORLEIKNUM OG FARA BEINT Í KYNLÍFIÐ.




GEFUR ÞÉR KLÁMMYND Í AFMÆLISGJÖF.

SEGIR: „ÉG SKAL GLEYPA ALLT, MÉR FINNST BRAGÐIÐ SVO GOTT.“




SEGIR: „ERTU ALVEG ÖRUGGLEGA BÚINN AÐ FÁ ÞÉR NÓG AF BJÓR?“

TILKYNNIR ÞÉR AÐ HÚN HAFI TILEINKAÐ SÉR AÐ GANGA NAKIN UM HÚSIÐ.

SEGIR: „GERUMST ÁSKRIFENDUR AÐ HUSTLER“



SEGIR: „ÉG VEIT AÐ VIÐ EIGUM FIMM ÁRA AFMÆLI, EN FARÐU ENDILEGA FREKAR AÐ VEIÐA MEÐ VINUM ÞÍNUN.“

SEGIR AÐ MAMMA ÞÍN SÉ MIKLU SKEMMTILEGRI HELDUR EN MAMMA SÍN.

SKRÁIR SIG Í JÓGA TIL ÞESS AÐ GETA SETT ÖKKLANA AFTUR FYRIR HAUS EINUNGIS TIL ÞESS AÐ GEÐJAST ÞÉR.



BÝÐST TIL ÞESS AÐ FARA MEÐ BÍLINN OG LÁTA SKIPTA UM OLÍU.



ELSKAR ÞEGAR ÞÚ FERÐ Í GOLF Á SUNNUDÖGUM MEÐ STRÁKUNUM.



➔ TALHÓLF FRÆGA FÓLKSINS...

## SÖGULEGT METNAÐARLEYSI

Talhólf leikarans Rúnars Freys Gíslasonar er svohljóðandi.

*„Þetta er Rúnar Freyr.“*

Hvað ertu að spá drengur? Þetta talhólf er ekki mönnum bjóðandi. Skraufþurrt og hundleiðinlegt. Það er ekki verið að bjóða góðan dag eða skilja eftir leiðbeiningar fyrir þann sem hringir. Því síður býður hann upp á leikræna tilburði sem hann ætti jú að kunna. Hann vinnur við að leika. Rúnar taktu þér tak.



NEGGERINN VIGTAR PUNG

## VIGTAÐUR PUNGUR Á VERKFRÆÐINGI

Þeir félagar Gillzenegger, Hjöbbi Ká og Partí-Hans eru ekki allir þar sem þeir eru séðir. Það hefur löngum verið þekkt að þeir fái til sín fólk og vigti á því punginn í beinni útsendingu. Ekkert lát verður á pungvigtun þennan laugardaginn því stjórnendur þáttarins hafa fengið liðlega þrítugan verkfræðing til þess að mæta í loftið og vigta á sér punginn. Stillið inn og hlustið á hve þungar hreðjar meðalverkfræðingur er með.

## ➔ HEIMASÍÐA VIKUNNAR

## ÞAÐ TRUFLAÐASTA ÚR MANNHAUSNUM

Á slóðinni notproud.com er hægt að velta sér upp úr óhreina tauinu hjá þúsundum nafnlausra netverja. Tilgangur síðunnar er að fólk geti játað rugluðustu, trufluðustu og sérkennilegustu leyndarmál sín. Játningarnar eru flokkaðar niður í dauðasyndirnar sjö: Græðgi, leti, losta, reiði, stolt, öfundsýki og ágirnd.
Síðan er ekki ósvipuð Post Secret-síðunni sem náð hefur heimsfrægð. Munurinn er sá að þarna eru á ferðinni margfalt sjúkari játningar. Þar má nefna kynlíf með mæðrum og feðrum, nauðganir og líkamsmeiðingar. Sumar eru þó ekki endilega merki um sýktan huga heldur einungis sérvisku: „Ég svaf einu sinni hjá strák á Ítalíu bara af því hann var með tréfót.“



## SIRKUSTVÍFARAR



ÁSGEIR FRIÐGEIRSSON



VÖLLI SNÆR

Sjónvarpskokkurinn Völli Snær lét pússa sig saman við Þóru úr Stundinni okkar. Ef Völli hefði svikið hana Þóru sína við altarið hefði ekki öll nótt verið úti fyrir sjónvarpskonuna geðþekku. Völli á sér nefnilega tvífara. Sá er Ásgeir Friðgeirsson upplýsingafulltrúi þeirra Björgólfsfeðga. Hann er eilítið þreknari en Völli en stóra spurningin er: Er hann jafn rómantískur og sjónvarpskokkurinn knái? Það er óvitað og verður það um ókomna tíð.

# All Saints

## heldur party fimmtudaginn 13.júlí

Dj Skeleton spilar geðveika tónlist milli 18 og 21.
Léttar veitingar. Láttu sjá þig í All Saints Kringlunni.

# 50-70%

afsláttur af öllum útsöluvörum.

**Nýtt korta tímabil!**




**ALLSAINTS**

# 50-70% afsláttur

## af öllum útsöluvörum

| | Verð | Fyrra verð |
|---|---|---|
| **Blússur** | **1500kr.** | ~~4990~~kr. |
| **Toppar** | **1500kr.** | ~~6990~~kr. |
| **Gallabuxur** | **2000kr.** | ~~6990~~kr. |
| **Hörbuxur** | **2000kr.** | ~~4990~~kr. |

**WAREHOUSE**
KRINGLUNNI

**Nýtt kortatímabil**

# 90'S BYLGJAN SKELLUR Á ÍSLAND



Sirkus mynd – Hari

DJ CURVER OG DJ KIKI-OW ÞEYTA SKÍFUM Á ELLEFUNNI Á SÉRSTÖKU 90'S KVÖLDI.

**Á LAUGARDAGSKVÖLD VERÐUR HALDIÐ ANNAÐ 90'S KVÖLD ÁRSINS Á ELLEFUNNI. ÞAÐ VERÐA ÞAU DJ CURVER OG DJ KIKI-OW SEM SJÁ UM FJÖRIÐ LÍKT OG SÍÐAST. ÞÁ VARÐ ALLT KREISÍ OG NÚ ER ÆTLUNIN AÐ HÆKKA Í FJÖRINU OG GERA 90'S AÐ EFTIRLÆTI DJAMMÞYRSTRA BORGARBÚA. MIKIL 90'S BYLGJA GENGUR NÚ YFIR EVRÓPU OG FÓLK MEÐ GLOW STICK, Í BROSKALLABOLUM OG BLÁSANDI Í FLAUTU TRÖLLRÍÐUR SKEMMTANALÍFINU.**



BRJÁLUÐ STEMNING! GÍFURLEG STEMNING VAR Á FYRRA KVÖLDINU SEM VAR Í MAÍ.

Let me hear you say Yeah!
Let me hear you say Yeah!
No no, no no no no, no no no no, no no there's no limit!
No no, no no no no, no no no no, no no there's no limit!

Svona hljómar einkennissöngur 90's bylgjunnar sem skollið hefur yfir Evrópu og teygir nú anga sína til Íslands, þökk sé þeim DJ Curver og DJ Kiki-Ow. Á laugardagskvöld verður haldið annað 90's partí ársins á Ellefunni, síðast var stappað og mikil stemning er að myndast fyrir kvöldinu. Orkudrykkurinn Burn stendur fyrir kröftugu fyrirpartíi á miðnætti og því um að gera að mæta sem fyrst því húsið verður örugglega stútfullt. Tímaritið Sirkus spjallaði við þau Dj Curver og Dj Kiki-Ow um 90's æðið.

*Hvernig kom það til að þið ákváðuð að predika 90's boðskapinn?*

„Þetta byrjaði allt saman með því að ég og Kiki vorum að rífast um það hvort 90's eða 80's væri meira töff," segir Dj Curver sem studdi 90's í rifrildinu. „Ég fór að senda henni gömul 90's lög og segja má að hún hafi frelsast og nú er hún algjör 90's aðdáandi. Ég hef alltaf sagt að 90's væri nýja 80's," segir Dj Curver og hlær.

„Ég hlustaði mikið á þessa reif-tónlist á mínum unglingsárum og hlustaði á þætti eins og Minestry of sound og fleira í þeim dúr," segir Kiki-Ow sem er frá Lundúnum en með annan fótinn hér á landi.



BROSKALL! Í 90'S HEIMINUM ER BROSKALLINN ALDREI LANGT UNDAN.

*Hvað veldur því að 90's er orðið svona vinsælt?*

„Það er ómögulegt að segja en kannski að nú sé liðinn nægur tími frá því að tímabilinu lauk svo hægt sé að gera grín að því. Við sjáum það í tískunni og tónlistinni að þetta er allt að koma aftur. Sjálfur þoldi ég ekki þessa 90's tónlist þegar ég var yngri," segir Curver og bætir því við að þegar talað er um 90's sé verið að tala um árin frá 1988–1993. „90's lauk svo með Grunch Seattle-rokkinu að mínu mati."

**„VIÐ SJÁUM ÞAÐ Í TÍSKUNNI OG TÓNLISTINNI AÐ ÞETTA ER ALLT AÐ KOMA AFTUR. SJÁLFUR ÞOLDI ÉG EKKI ÞESSA 90'S TÓNLIST ÞEGAR ÉG VAR YNGRI."**

Þeir sem aðhylltust hina svokölluðu reiftónlist sem var máttarstólpi 90's tónlistarinnar áttu sér samastað sem var Rosenbergkjallarinn en gestir staðarins mættu miklum fordómum annarra tónlistarunnenda og kölluðu staðinn Pakkhús postulanna.

*Hversu vinsæl er reif-tónlistin nú úti í Evrópu?*

„Ég veit ekki hvað skal segja en í London er óhemjumikið af 90's partíum á stöðum borgarinnar. Og í Skotlandi varð uppselt á mettíma á Rave festival sem þar var haldið. Ég held 90's sé komið til Íslands," segir Dj Kiki-Ow.

*En hvert er besta lagið frá þessum tíma?*

„Það er Gonna Make You Sweat með C&C Music Factory," segir Kiki.

*En það versta?*

„Saturday Night með Wigfield, án vafa. Og því miður kann ég dansinn og allt saman," segir Íslandsvinurinn skellihlæjandi að lokum.

*hjorvar@minnsirkus.is*

## ÞESSI LÖG MUNU HLJÓMA Á ELLEFUNNI Á LAUGARDAGSKVÖLD



2unlimited – No Limits
Technotronic – Pump Up The Jam
Dr. Alban – It's my life
Haddaway – What is Love
Snap – I've Got the Power
Right Said Fred – Im Too Sexy
C+C Music Factory – Everybody Dance Now
Prodigy – Out of Space
Scatman John – Im The Scatman
Shaggy – Mr. Boombastic
Dee Lite – Groove Is In the Heart
Opus III – It's A Fine Day
Snow – Informer
Real to Real – I Like To Move It
Altern8 – Activ8
Happy Mondays – Step On
Felix – Don't you want me
Wigfield – Saturday night.
Underworld – Born Slippy
Josh Wink: Higher State of Consciousness




# ÞETTA VAR AÐAL 90'S DÆMIÐ HÉR Á LANDI

**Chicago Bulls**
NBA-körfuboltinn var hrikalega vinsæll og Michael Jordan var kóngurinn. Enginn hélt lengur með gömlu stórveldunum Boston Celtics og L.A. Lakers því Chicago Bulls með þá Jordan og Pippen var málið.

**G-Shock úr**
Rosalega stór úr með flottu ljósi. Það var enginn maður með mönnum nema hann ætti G-Shock og helst í einhverjum mjög flippuðum lit. Þá voru gellurnar farnar að ganga með Baby G-Shock úr sem voru mjög krúttleg.



**Russel Athletic-peysur**
Bómullarpeysurnar frá íþróttafyrirtækinu Russel Athletic slógu í gegn. Aðalandlit Russell-fatnaðarins á Íslandi voru þau Magnús Scheving og Unnur Steinsson.



**Baywatch**
Þættirnir um Strandverðina sem byrjuðu klukkan 19 á ríkissjónvarpinu á laugardögum voru gríðarvinsælir, sérstaklega meðal karlmanna. Pamela Anderson var aðalbeibið í þáttunum en þær Yasmin Bleath, Erika Eleniak og Carmen Elektra stóðu henni ekki langt að baki.

**Radíusbræður**
Þeir Davíð Þór og Steinn Ármann þóttu manna fyndnastir. Útvarpsþættir þeirra í samvinnu við Jakob Bjarnar voru með eindæmum vinsælir rétt eins og sjónvarpsþættirnir Radíus. Hins vegar féllu þættirnir Limbó ekkert sérstaklega vel í kramið hjá almenningi..





**Skuggabarinn**
Í lok tíunda áratugarins var Skuggabarinn alveg málið. Kvenfólkið þar inni þótti ákaflega fallegt og einnig þóttu gestir staðarins með afbrigðum lauslátir.

**E-töflur**
Það þótti töff að vera „kaf-ellaður". E-töflur voru líklega jafn algengar og kókaín er í dag nema þá hafði unga fólkið minna fé milli handanna.



**Kraft-gallar**
Öll ungmenni á Íslandi áttu Kraft-galla. Hlýr samfestingur en frekar ljótur. En það hefur eflaust verið einhver mjög töff sem ákvað að þetta væri í lagi.



**Jójó-æði**
Það gengu tvö jójó-æði yfir á tíunda áratugnum. Það fyrra 1991 og það seinna 1994. Þetta voru alvöru jójó-æði.



Hægt var að kaupa super og professional jójó. Super var töluvert léttara en professional. Keppt var um allt land að viðstöddum sjálfum heimsmeistaranum frá Brasilíu.

*Annað sem var töff: Stüssy-föt, glow stick, risasnuð, Manchester United, Ömmu-pizzur og fleira og fleira.*

# GÍTARLEIKARI FRANZ FERDINAND Í FRAM-HJÁHALDI



Nick McCarthy gítar- og hljómborðsleikari Franz Ferdinand er í annarri hljómsveit meðfram líka. Hún heitir Box Codax og var að ljúka við að taka upp sína fyrstu plötu. Auk Nicks er gamall félagi hans Alexander Ragnew í sveitinni. Platan sem mun heita Only an Orchard Away verður gefin út af raftónlistarfyrirtækinu Gomma 25. september. Fyrsta smáskífan, Naked Smile, er þegar komin á MySpace-síðu þeirra félaga, www.myspace/boxcodax

# PLÖTUDÓMAR



**Næstbesta Idol-platan hingað til**

Þó að sjónvarpsþátturinn Idol Stjörnuleit hafi notið vinsælda þá hafa þær plötur sem þátttakendurnir hafa sent frá sér fæstar verið upp á marga fiska. Allt sem ég á er í grunninn byggð upp eins og hinar Idol-plöturnar. Nokkur laganna eru ný, þar af þrjú eftir Snorra sjálfan en restin er tökulög. Snorri er ekki hæfileikalaus. Hann syngur vel og lögin hans eru ágæt. Útsetningar eru líka nokkuð vel heppnaðar. Þó að svona plata skilji lítið eftir sig þá er þetta samt að mínu mati næstbesta Idol-platan hingað til (á eftir plötu Hildar Völu). Hins vegar sárvorkenni ég stráknum að þurfa að syngja Idol-lagið Allt sem ég á. Ótrúlegt að það hafi verið fluttur inn erlendur lagasmiður til að semja þetta væl!

**SNORRI SNORRASON – ALLT SEM ÉG Á**

1 2 3 4 **5** 6 7 8 9 10





**Mjúk og seiðandi**

Það eru upptökustjórarnir Henry Binns og Sam Hardaker sem skipa enska dúóið Zero 7. The Garden er þeirra þriðja plata, en þeir vöktu fyrst athygli fyrir plötuna Simple Things sem kom út árið 2001. Tónlistin var mjúkt og seiðandi rafpopp og þótti minna á frönsku sveitina Air. The Garden er ágæt plata. Sveitinni hefur tekist að þróa stílinn áfram. Fyrir utan þetta mjúka grúv sem einkennir svona tónlist þá eru þjóðlaga- og soul-áhrifin sterk og heildarútkoman er fjölbreytt og heilsteypt plata. Söngvararnir standa sig líka vel, en þar fara fremstir Íslandsvinurinn José Gonzales og söngkonan Sia sem hefur fylgt Zero 7 frá upphafi.

**ZERO 7 – THE GARDEN**

1 2 3 4 5 6 **7** 8 9 10





**Á eftir að móta sinn eigin stíl**

Högni Lisberg er ein af helstu vonarstjörnum Færeyinga í popptónlist og einn þeirra listamanna sem komu fram á Atlantic Music Event-tónlistarhátíðinni á NASA í vor. Morning Dew er önnur plata hans, en Högni var áður trommuleikari hljómsveitarinnar Clickhaze sem Eivör Pálsdóttir söng með. Öll lögin á Morning Dew eru frumsamin nema Dylan lagið All Along the Watchtower. Það er margt vel gert á þessari plötu. Lagasmíðarnar eru ágætar, Högni er fínn söngvari og öll hljóðvinna er til fyrirmyndar. Hins vegar finnst mér aðeins vanta upp á frumlegheitin. Strákurinn á enn eftir að finna sinn eigin stíl.

**HÖGNI LISBERG – MORNING DEW**

1 2 3 4 5 **6** 7 8 9 10



**Trausti Júlíusson**

# MYSPACE-DROTTNINGIN ER HÆFILEIKARÍK TÖFFARASTELPA

**MYSPACE-VEFSVÆÐIÐ ER ÞEGAR FARIÐ AÐ HAFA MIKIL ÁHRIF Í TÓNLISTARHEIMINUM. TÓNLISTARMENN KEPPAST VIÐ AÐ BÚA SÉR TIL SÍÐUR OG SETJA LÖGIN SÍN Í SPILUN Í VON UM AÐ ÞAU NÁI EYRUM TÓNLISTARÁHUGAMANNA OG ÚTGEFENDA. Í SUMUM TILFELLUM GENGUR DÆMIÐ UPP MEÐ ÓTRÚLEGUM HRAÐA. EINS OG Í DÆMI LILY ALLEN, RÚMLEGA TVÍTUGRAR LUNDÚNASTÚLKU, SEM SETTI FYRSTA LAGIÐ SITT Í SPILUN Í NÓVEMBER SÍÐASTLIÐNUM, HENNAR FYRSTA PLATA KEMUR Í VERSLANIR ÚT UM ALLAN HEIM EFTIR HELGINA.**

Tveir af nýliðum ársins í poppinu árið 2006, enska unglingarokksveitin Arctic Monkeys og bandaríska dúóið Gnarls Barkley eiga eitt sameiginlegt: Það má að verulegu leyti þakka MySpace-vefsvæðinu hinar ótrúlega skjótu vinsældir þeirra. Arctic Monkeys setti nýtt sölumet í fyrstu útgáfuvikunni með plötunni Whatever People Say I Am, That's What I'm Not og Crazy með Gnarls Barkley varð fyrsta smáskífulagið til að ná toppsætinu í Bretlandi með sölu á niðurhali eingöngu. Það er kannski ekki hægt að lofa því að fyrsta plata Lily Allen, Alright, Still, sem kemur út á mánudaginn nái að slá einhver met, en það er næsta öruggt að hún á eftir að seljast í bílförmum. Þökk sé Myspace...

## MIKLAR VINSÆLDIR HRATT

Lily setti sitt fyrsta lag á MySpace í nóvember. Hún vakti fljótt mikla athygli. Lögin hennar hafa hlotið hátt á þriðju milljón spilanir og mikill fjöldi les bloggfærslurnar hennar reglulega. Þegar hún hélt sína fyrstu tónleika fyrir nokkrum vikum þá hafði myndast röð fyrir utan tónleikastaðinn fimm tímum áður en hann opnaði og sumir tónleikagesta gerðu sér ferð frá Bandaríkjunum til þess að missa ekki af atburðinum. Ekki slæmt fyrir 21 árs stelpu sem er að byrja ferilinn. Það segir líka sitt að hún á yfir 42 þúsund MySpace-vini.

## „11 LAGA PLATA MEÐ 11 SMÁSKÍFULÖGUM“

Það sem gerir Lily Allen að stjörnu er samt auðvitað ekki MySpace, heldur tónlistin hennar og textarnir. Með hjálp MySpace fær hún athyglina sem hún þarf, en til þess að halda henni þarf fólk að kunna að meta það sem hún hefur upp á að bjóða. Og fólk fílar Lily. Tónlistin hennar er popp með ska-, hip-hop-, reggí- og dansáhrifum. Frísklegt og vel gert popp sem tekur sig samt ekki of alvarlega. Fyrsta smáskífan af plötunni, Smile, situr þegar þetta er skrifað á toppi breska listans, en það eru mörg fleiri flott popplög á plötunni. Og Lily er ekkert feimin við að tjá sig um plötuna: „Af hverju að gera 11 laga plötu með 3 smáskífulögum? Af hverju ekki bara að gera 11 laga plötu með 11 smáskífulögum?“

## ÓSVIKIN TÖFFARASTELPA

En það eru ekki síst textarnir sem gera Lily jafn vinsæla og raun ber vitni. Þeir fjalla um þessi venjulegu málefni sem ungt fólk í dag þekkir af eigin raun. Og hún kann að koma fyrir sig orði. Dregur ekkert undan og sendir sneiðar til hægri og vinstri. Lily er töffari. Hún á ekki langt að sækja húmorinn og töffaraskapinn. Pabbi hennar er breski grínleikarinn Keith Allen sem meðal annars lék í Trainspotting. Lily hefur líka upplifað meira en margar tvítugar stelpur. Þegar hún var 16 ára var búið að reka hana fimm sinnum úr skóla, hún vann í plötubúð á Ibiza og djammaði allar nætur. Þar til henni var hent út af hótelinu...

*Trausti Júlíusson*



**LILY ALLEN**
Setti lag inn á MySpace-síðuna sína í nóvember. Var komin með samning við EMI í desember.

# PLATA NÚMER TVÖ Á LEIÐINNI FRÁ JULIETTE & THE LICKS

Ofurskutlan og rokkdrottningin Juliette Binoche, sem vakti mismikla lukku hjá áhorfendum á Airwaves í fyrra, er búin að taka upp nýja plötu ásamt hljómsveit sinni The Licks. Hún heitir Four from the Floor og kemur út 2. október. Smáskífan Hot Kiss kemur viku fyrr. Sveitin mun fylgja plötunni eftir með miklu tónleikahaldi.



# Næsta Basement Jaxx plata tilbúin

Breska dúóið Basement Jaxx sem margir telja fremstu danstónlistarhljómsveit heims er tilbúin með nýja plötu. Hún hefur fengið nafnið Crazy Itch Radio og fylgir eftir Grammy-verðlaunaplötunni Kish Kash sem kom út fyrir þremur árum. Á meðal gestasöngvara á plötunni eru Vila Malinga (sem söng Oh My Gosh), MC Lady Marga og breska soul-söngkonan Linda Lewis. Klikkaður kláði...




MESTA OFURMENNI HEIMS HEFUR SNÚIÐ AFTUR
FRUMSÝND 12.JÚLÍ
9. HVER VINNUR!
SMS LEIKUR
SUPERMAN
RETURNS
SENDU SMS SKEYTIÐ JA SMS Á NÚMERIÐ 1900
OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ MIÐA FYRIR TVO.
VINNINGAR ERU BÍÓMIÐAR FYRIR TVO * DVD MYNDIR * TÖLVULEIKIR
VARNINGUR TENGDUR MYNDINNI * OG MARGT FLEIRA
SAMBÍÓIN
Háskólabíó
SELFOSS BÍÓ
VINNINGAR VERÐA AFHENDIR HJÁ BT SMÁRALIND. KÓPAVOGI. MEÐ ÞVÍ AÐ TAKA ÞÁTT ERTU KOMINN Í SMS KLÚBB. 99 KR/SKEYTIÐ.



GÍSLI TREYSTIR GUÐJÓNI EKKI TIL ÞESS AÐ REIÐA SIG. ENDA LÆRÐI HANN AÐ HJÓLA 11 ÁRA OG FÆR ÞVÍ SJÁLFUR AÐ HVÍLA Á STÖNGINNI. DAGBJARTUR FYLGIR ÞEIM FAST Á HÆLA MEÐ HÁRIÐ OG ASTMANN.

# VIÐ VERÐUM EKKI MEÐ HJÁLPARADEKK

„Við ætlum að hjóla þjóðveg eitt með smá útúrdúr í Hvalfirðinum," segir Gísli Hvanndal Jakobsson sem ætlar að hjóla hringinn í kringum landið í félagi við tvo vini sína. Þeir eru Guðjón Heiðar Valgarðsson og Dagbjartur Ingvarsson.

### HJÓLAÐ FYRIR SPES

„Megintilgangurinn er að styðja hin merku samtök SPES sem voru stofnuð að frumkvæði Íslendings, Njarðar P. Njarðvík," segir Gísli. „Þau eru starfrækt í Tógó og stefna á Senegal og Brasilíu. Það er háð styrkjum og fjármunum frá almenningi og fyrirtækjum hvenær það mun ganga í gegn. Samtökin bjarga börnum sem að sögn yfirvalda í Tógó myndu deyja ef þau kæmust ekki í hendur samtakanna. Það kostar 77 evrur að halda svona barni uppi í einn mánuð. Sem eru rétt rúmar sjö þúsund krónur og sjö þúsund fyrir að bjarga mannslífi er ekki neitt," segir Gísli en samtök þessi taka ekkert fé í umsýslukostnað því allir sem starfa við þau gefa vinnu sína og borga flug til Tógó úr eigin vasa.



### MÓTMÆLA STRÍÐI OG STÓRIÐJU

Strákarnir eru ekki einungis að vekja athygli á neyðinni í Afríku. „Við erum að vekja athygli á ýmsu öðru," segir Guðjón. „Þetta er tækifæri til þess að sjá landið okkar áður en því verður sökkt undir stóriðju. Við erum líka að mótmæla stríði, hvort sem það er stríðið í Írak eða fyrirhuguð árás á Íran eða Norður-Kóreu," segir Guðjón og drengirnir eru sammála um að þetta sé nokkurs konar vakningarferð.

### ASTMASJÚKLINGAR OG ANTISPORTISTAR

Gísli hefur einhverja reynslu af hreyfingu og er mikill hjólagarpur. Það sama á ekki við um þá Dagbjart og Guðjón sem eru ekki miklir íþróttamenn. „Það stemmir," segir Guðjón. „Ég æfði fótbolta þegar ég var lítill en lærði ekki að hjóla fyrr en ég var ellefu ára og hef lítið hjólað síðan. Ef ég get þetta þá ættu allir að geta þetta," segir hann. „Ég hef lítið hreyft mig. Ég er með astma og mikið hár þannig að ég get lítið hreyft mig. Með aðstoð astmalyfja þá ætti þetta allt að hafast," segir Dagbjartur bjartsýnn. Guðjón segist þó hreyfa sig mikið þrátt fyrir að vera ekki í íþróttum. „Ég keyri aldrei neitt, ég labba allra minna ferða þannig að ég hef töluverða orku í mér. Venjulega sé ég ekki tilgang til að vera að færa hluti ef ég er ekki að láta þá á einhvern ákveðinn stað. Ég sé ekki heldur tilganginn með því að hlaupa ef ég er ekki að fara neitt."

**„ÉG ÆFÐI FÓTBOLTA ÞEGAR ÉG VAR LÍTILL EN LÆRÐI EKKI AÐ HJÓLA FYRR EN ÉG VAR ELLEFU ÁRA OG HEF LÍTIÐ HJÓLAÐ SÍÐAN."**



GUÐJÓN, GÍSLI OG DAGBJARTUR ERU HVERGI BANGNIR.

**ÁTTU EKKI HJÓL**

Drengirnir munu hjóla í fyrsta áfanga á Selfoss og þaðan í austurátt. Á hverjum næturstað munu þeir halda menningarviðburð sem inniheldur ljóðalestur og tónleika. Þann 29. júlí munu þeir svo spila á tónleikum á Kárahnjúkum sem haldnir eru af mótmælendum. Frítt verður inn á allar samkomur drengjanna en fólki er frjálst að leggja fé í bauk sem verður uppi við og rennur það óskipt til söfnunarátaksins. Það var þó ekki fyrr en á miðvikudaginn sem strákarnir fengu fyrst hjól í hendurnar. „Við fengum Mongoose, alvöru fjallahjól frá GÁP,“ segir Guðjón.

*Kunnið þið alveg ennþá að hjóla?*

„Við verðum ekki með hjálparadekk allavega,“ segir Guðjón ákveðinn.

## „ÉG HEF LÍTIÐ HREYFT MIG. ÉG ER MEÐ ASTMA OG MIKIÐ HÁR ÞANNIG AÐ ÉG GET LÍTIÐ HREYFT MIG. MEÐ AÐSTOÐ ASTMALYFJA ÞÁ ÆTTI ÞETTA ALLT AÐ HAFAST.“

**EKKI SPURNING UM HVORT HELDUR HVENÆR HRINGURINN KLÁRAST**

Gísli segist hafa fulla trú á því að hann nái að drösla félögum sínum hringveginn þrátt fyrir lélegt líkamsform þeirra. „Ég held að þetta sé ekki spurning um hvort við klárum hringinn heldur hvenær. Menn gætu lent í meiðslum og öðru,“ segir hann. Stefnan er þó tekin að koma heim um verslunarmannahelgina. „Það verður líklega lítil umferð í bæinn, allir á leiðinni út úr bænum þannig að við mætum umferðinni.“ Ökuníðingar og almenningur eru beðnir um að taka vel á móti þessum sómapiltum og fara um þá mjúkum höndum.

*Nánari upplýsingar er hægt að nálgast á:*
*www.spes.is*
*www.speshringur.is*

*Þeir sem vilja leggja söfnuninni lið geta lagt inn á reikning samtakanna í Spron:*
*Kennitala: 471100-2930*
*Reikningsnúmer: 1151 – 26 – 2200*

## FERÐAÁÆTLUN STRÁKANNA

**18. júlí** Reykjavík – Selfoss
**19. júlí** Selfoss – Hvolsvöllur
**20. júlí** Hvolsvöllur – Vík í Mýrdal
**21. júlí** Vík – Kirkjubæjarklaustur
**22. júlí** Kirkjubæjarklaustur – Fagurhólsmýri
**23. júlí** Fagurhólsmýri – Hali í Suðursveit
**24. júlí** Hali í Suðursveit – Höfn í Hornafirði
**25. júlí** Höfn í Hornafirði – Djúpivogur
**26. júlí** Djúpivogur – Hallormsstaður
**27. júlí** Hallormsstaður – Kárahnjúkar
**28. júlí** Frí
**29. júlí** Kárahnjúkar – Skriðuklaustur
**30. júlí** Skriðuklaustur – Egilsstaðir
**31. júlí** Egilsstaðir – Mývatn
**1. ágúst** Mývatn – Akureyri
**2. ágúst** Akureyri – Sauðárkrókur
**3. ágúst** Sauðárkrókur – Blönduós
**4. ágúst** Blönduós – Hvammstangi
**5. ágúst** Hvammstangi – Borgarnes (Bifröst)
**6. ágúst** Borgarnes – Hvalfjörður
**7. ágúst** Hvalfjörður – Reykjavík



ORKAN GEISLAR AF ÞEIM KÖPPUM SEM HJÓLA FYRIR FÁTÆK BÖRN Í AFRÍKU.

Sirkusmyndir – Hari

**Drengirnir vildu koma ljóði á framfæri sem er eftir eitt af efnilegustu skáldum þjóðarinnar.**

## BANNAÐ AÐ RENGJA!

*-Óðurinn til Öndvegiskonunnar*

Hún er gömul
með tvö typpi, löng og mjó en ágrædd og uppreist með mannanna höndum,
plús eitt brjóst.

Hún er blaut og þurr,
hún er heit og köld
hún er sú stærsta á landinu öllu, en alls ekki of stór fyrir mig.

Ég hef komið mér
mjúklega fyrir
í heitri miðju hennar.

Hún varð fyrir valinu
vegna volga rakans
sem í frosti jafnt sem funa rís upp af votu holdi hennar.

Hún var rengd,
sögð reykja,
en ekki reyndist það á rökum reist.

Hún er rangnefnd,
í raun aðeins Gufa
til allrar hamingju!

Hún
er
Öndvegiskona.

**Gufugæinn – Í henni**







# SIRKUS FYLGIR TÍSKUSTRAUMUM

Í ALLAN VETUR OG SUMAR HEFUR TÍMARITIÐ SIRKUS VERIÐ MEÐ Á NÓTUNUM Í TÍSKUNNI. FJÖLMARGIR FALLEGIR EINSTAKLINGAR HAFA LAGT BLAÐINU LIÐ VIÐ GERÐ ÞESSARA TÍSKUÞÁTTA OG ÚTKOMAN ÁVALLT STÓRKOSTLEGT. NÚ STIKLUM VIÐ Á STÓRU Í TÍSKUÞÁTTUM VETRARINS.













ERPUR Í ASÍU

# VÉLBYSSUR OG BELJA SPRENGD MEÐ FLUGSKEYTI

**EINS OG ÁÐUR HEFUR KOMIÐ FRAM Í SIRKUS HEFUR ERPUR „BLAZROCA“ EYVINDARSON VERIÐ Á FERÐ UM ASÍU SÍÐASTA HÁLFA ÁRIÐ. NÚ ER HANN KOMINN HEIM OG ÆTLAR AÐ SEGJA OKKUR FRÁ REYNSLU SINNI AF STRÍÐSREKSTRI Í AUSTURLÖNDUM FJÆR.**

Þann 30. apríl árið 1975 flúðu seinustu fulltrúar Bandaríkjastjórnar í þyrlu af þaki sendiráðs síns í Saigon. Meira en áratugar löngum afskiptum þeirra af landinu hafði lokið með ósigri í stríði sem Víetnamar kalla eftir innrásarliðinu „bandaríska stríðið“. Margir hafa furðað sig á því hvernig fátæk þjóð hrísgrjónabænda gat sent mesta herveldi heims á flótta með saur í skýlunni. Til að komast til botns í þessu gerðist ég F.N.L.-skæruliði í viku, það sem kallað hefur verið Viet Cong.

### BÓLUGRAFNIR UNGLINGAR FRÁ NEBRASKA

Eftir að hafa kynnt mér aðstæður, sögu og helstu kenningar um stríðið tóku við skriðtímar í Cu Chi. Cu Chi er hið 250 km langa og flókna gangakerfi sem Víetnamar notuðu til að ferðast óáreittir beggja vegna víglínunnar og jafnvel inn í herstöðvar Bandaríkjahers. Göngin eru um meter á hæð, minna á breidd og það örlaði vissulega á innilokunarkennd. En eins og Víetnaminn benti á þá var innilokunarkennd skárri en að vera pyntaður til bana af bólugröfnum unglingum frá Nebraska eða stikna lifandi í napalmbáli.

### FRELSIÐ HELDUR Á AK 47

Við tók svo kynning á hinum endalausu gildruafbrigðum sem Víetnamar notuðu. Manni er kennt hvernig ósprungnum bandarískum klasasprengjum er breytt í vopn gegn þeim sjálfum. Það erfiðasta var sennilega að torga hinum fjölbreytta skæruliðamat sem byggðist á sætum kartöflum með sætum kartöflum og sætum kartöflum. Að þessu loknu var komið að því að grípa geirinn í hönd sem var að þessu sinni í formi AK-47. Hinn sígildi rússneski alsjálfvirki riffill sem sökum einfaldleika síns og tiltölulega lítils framleiðslukostnaðar hefur orðið uppáhald byltingarhópa í fátækari pörtum heimsins. Af því kemur hugtakið „freedom got an AK“ eða „frelsið heldur á AK“.

### AÐ SPRENGJA BELJU MEÐ FLUGSKEYTI

Þegar ég hóf mínar AK-æfingar í Kambódíu spurðu þeir hvort ég vildi ekki frekar skjóta flugskeyti ... á lifandi belju sem yrði látin rölta í hlíðinni á móti. Ég gat ekki betur séð en að beljan væri kambódísk og ekki hluti af innrásarliðinu og setti því upp svip. Þeir skildu viðbrögð mín þannig að 200$ væri of mikið og buðu mér að sprengja lifandi hænu í staðinn. Ódýrar. Ég afþakkaði en spurði hvort þeir væru ekki með bandarískan stríðsfanga á góðum prís, hann hlyti að vera ódýrari en hænan. Vissulega grófur húmor sem á rætur sínar að rekja til þess að þarna var ég nýkominn frá svæðum byggðum Víetnömum sem ennþá þjást af vansköpun og sjúkdómum sem reknir eru til Agent Orange sem Bandaríkjamenn úðuðu til að eyða skóglendi. En allavegana fannst þeim þetta fyndið, sérstaklega í ljósi þess að Bandaríkjastjórn eyðir milljónum dollara í leit að mögulegum stríðsföngum.



**CU CHI-GÖNGIN** Erfitt mun verða að troða sér þangað...



...það hefst þó.

### HARÐASTA ÞJÓÐ SÖGUNNAR

Víetnamar hafa 2000 ára reynslu af baráttu fyrir sjálfstæði frá Kína. Svarið við spurningunni sem var kveikjan að þessum skrifum er því einfalt: Auðvitað eru Víetnamar snjallir herstjórnendur en þótt svo hefði ekki verið þá hefðu þeir samt ekki hætt fyrr en seinasti Kaninn væri farinn. Þeir eru ein allra harðasta og hraustasta þjóð mannkynssögunnar. Svo spurningin er miklu frekar í hvaða Doritos-poka Bandaríkjastjórn fékk þær upplýsingar að þeir gætu beygt Víetnam undir sig? Víetnamar hafa sent Kína, Japan, Frakkland og Bandaríkin heim á fjórum fótum. Ein spurning í viðbót, býður einhver betur?

*-Erpur Þ. Eyvindarson-*



**A TO THE K** Erpur handleikur vélbyssuna af mikilli list



**ÞRÖNGT SITJA SÁTTIR** Það er eins gott að maður sé ekki með innilokunarkennd.






# ALDREI STÆRRI OG VINSÆLLI!

## Langöflugasti miðill unga fólksins er enn að vaxa.

Uppsöfnuð hlustun 12-34 ára yfir vikuna samkv. dagbókarkönnun Gallup apríl 2006.

FM957

www.minnsirkus.is

Auglýsingasími: 550 5000




ARNAR OG ÍVAR MEÐ FYRSTU BOMBUNA.

# BOMBUPARTÍ Á PRAVDA

**ÞEIR ARNAR GRANT OG ÍVAR GUÐMUNDSSON HALDA PARTÍ Á PRAVDA UM HELGINA OG KYNNA TVÆR NÝJAR TEGUNDIR AF ORKUDRYKKNUM BOMBU.**

„Við erum að fara að kynna nýjar bombur," segir Arnar Grant sem í félagi við Ívar Guðmundsson flytur inn orkudrykkinn Bombu. Annað kvöld á Pravda verður Bombupartí í orðsins fyllstu merkingu þegar tvær nýjar tegundir verða kynntar á markað. Partíið hefst klukkan tíu. „Þessi fyrsta kom á markað í október og hefur slegið í gegn, hún er það vinsælasta hjá jafnt ungum sem öldnum," segir Arnar.







## BOMBAN FÍN Í RÆKTINA

Í þessu partíi verða kynntir nýir kokteilar við undirleik plötusnúða sem halda fjörinu gangandi. Nýju tegundirnar sem um ræðir eru ekki af verri endanum að sögn Arnars. „Þetta er rauð bomba með ávaxtabragði. Svo er sykurlaus líka, sem er bara með sex hitaeiningum," segir Arnar. Þeir Arnar og Ívar eru báðir í góðu líkamlegu formi.

*Er bomban góð í ræktina?*

Þetta er gott bara hvenær sem þig vantar orku og hún kikkar nokkuð hratt inn og endist í svona fjóra tíma," segir Arnar.

## MIÐAR Á MINNSIRKUS.IS

Teitið sem um ræðir er boðspartí en það er hægðarleikur að næla sér í miða. „Það verða gefnir miðar á FM957 og allir þeir sem skrá sig í bombusamfélagið á minnsirkus.is geta fengið gefins miða," segir Arnar. Slóðin inn á bombusamfélagið er minnsirkus.is/bomba. Þar eru upplýsingar um partíið og drykkina sjálfa.




ÞEIR FÉLAGAR HÉLDU BOMBUPARTÍ Í FYRRA OG ÞÁ VAR VEL MÆTT. HÉR ERU ÞEIR ÁSAMT HÁRGREIÐSLUMANNINUM BÖDDA OG MAGNÚSI BENEDIKTSSYNI, EIGANDA PRAVDA.

## X-LISTINN TOPP 20

útvarp X 97·7

| SÆTI | FLYTJANDI | LAG |
|---|---|---|
| 1. | Red Hot Chili Peppers | Tell Me Baby |
| 2. | The Strokes | You Only Live Once |
| 3. | Hard-Fi | Better Do Better |
| 4. | Trabant | The One |
| 5. | Lost Prophets | Rooftops |
| 6. | Hot Chip | Over And Over |
| 7. | A.F.I. | Miss Murder |
| 8. | Muse | Supermassive Black Hole |
| 9. | Johnny Cash | Gods Gonna Cut You Down |
| 10. | Stone Sour | Through Glass |
| 11. | Dr. Mister & Mr. Handsome | Is It Love? |
| 12. | Keane | Is It Any Wonder? |
| 13. | Motion Boys | Waiting To Happen |
| 14. | System Of A Down | Kill Rock'n Roll |
| 15. | Danko Jones | First Date |
| 16. | Peeping Tom | Mojo |
| 17. | Mew | The Zookeepers Boy |
| 18. | Primal Scream | Country Girl |
| 19. | The Automatic | Monster |
| 20. | Bullet For My Valentine | Tears Dont Fall |

RAUÐIR HEITIR OG ENNÞÁ NÚMER EITT.



## FM957 ÍSLENSKI LISTINN TOPP 20

| SÆTI | FLYTJANDI | LAG |
|---|---|---|
| 1. | Black Eyed Peas | Gone Going |
| 2. | Saving Jane | Girl Next Door |
| 3. | Fort Minor | Where'd You Go |
| 4. | Jeff Who? | Barfly |
| 5. | Mihai Traistariu | Tornero |
| 6. | Rihanna | Unfaithful |
| 7. | Pink | Who Knew |
| 8. | Pussycat Dolls Ft. Snoop | Buttons |
| 9. | Gnarls Barkley | Crazy |
| 10. | Nelly Furtado | Promiscuous |
| 11. | Orson | No Tomorrow |
| 12. | Teddy Geiger | For You I Will |
| 13. | Dr. Mister & Mr. Handsome | Is It Love |
| 14. | Christina Aquilera | Aint No Other Man |
| 15. | Lordi | Hard Rock Hallelujah |
| 16. | Shakira Ft. Wyclef Jean | Hips Dont Lie |
| 17. | Lucas Prada | And She Said |
| 18. | All American Reject £ | Move Along |
| 19. | Á Móti Sól | Hvar sem ég fer |
| 20. | Fræ | Dramatísk rómantík |

FERGIE OG VINIRNIR Á TOPPNUM ENN OG AFTUR.



# Sódóma Reykjavík

**SÓDÓMA REYKJAVÍK ER PRÓGRAMM SIRKUSS RVK FYRIR NÆSTU DAGA. FYLGDU ÞVÍ Á LEIÐINNI TIL BÆTTRAR HEILSU. SENDU OKKUR PÓST MEÐ ÁBENDINGUM UM BRÁÐNAUÐSYNLEGA ATBURÐI NÆSTU HELGAR Á SODOMA@365.IS.**

## SKEMMTISTAÐIR

### HELGIN 14. – 16. JÚLÍ

#### SIRKUS

Það verður fjör á Sirkus um helgina. Á franska byltingardaginn sjálfan verður það DJ Natalie sem sér um að halda fjörinu gangandi fram eftir nóttu eins og henni einni er lagið. Og það er nú bara þannig. Á laugardagskvöldið verður það svo Maggi Legó sem að tekur við kyndlinum og ferjar djammþyrsta Sirkusgesti inn í sunnudaginn. Þið vitið vel að hann fer létt með það.





#### OLIVER

Á Café Oliver verður nóg um að vera. Á föstudaginn er það DJ Smørrebrød sem spilar til miðnættis en eftir það taka turtildúfurnar Suzy og Elvis við og spila til fjögur. Það er hægðarleikur að hrista rassinn á Oliver. Á laugardagskvöldið ríður Smørrebrød aftur á vaðið og spilar til miðnættis. Eftir það verður það ekki doði heldur DJ Daði sem að tekur við og klárar þessa mögnuðu helgi á Oliver.

#### KRINGLUKRÁIN

Rooney? Nei Rúnar í Sixties og félagar hans koma til með að halda uppi fjörinu á Kringlukránni um helgina. Strákarnir láta ekki annað kvöld duga því fólk fær aldrei nóg af Sixties. Vertu ekki smeik, ég býð þér upp í sjeik syngur Rúnar og allir dansa með. Það er bara ekkert flóknara.

#### YELLO

Það verður funheitt fjör á skemmtistaðnum Yello í Keflavík um helgina. Það er sjálfur DJ Andri sem spilar á föstudagskvöldið og mun trylla lýðinn og allir taka gleði sína á ný þó svo að varnarliðið sé að hverfa á braut. DJ Jón Gestur gerir sér svo ferð á Suðurnesin og tekur við á laugardagskvöldið og spilar fram á sunnudag. Það er bara þannig og það er ekkert flóknara.

#### CAFE VICTOR

Dj Þröstur 3000 gerir og græjar bestu tónlist í geimi, komdu og skemmtu þér konunglega á Café Victor. Þetta segja þeir sem staðinn eiga og meina það. Það verður geðbilað stuð á föstudagskvöldinu. Ekki verður það síðra laugardagskvöldið. Dj Rúnar eldhress og skemmtilegur í búrinu skemmtir þér og þínum. Þetta verður djamm sumarsins.

#### PRIKIÐ

Hranz og Hristó hita hupp. Eftir það tekur við eitruð hip hop/rapp-veisla með Danna Deluxe, Dóra DNA, Don Johnson og fleiri góðum gestum. Það er eitthvað sem enginn ætti að missa af og líklegt þykir að Dóri DNA verði vel í holdum uppi á sviði allt kvöldið. Á laugardagskvöldið er það DJ Andri sem spilar fram að miðnætti en síðan er það DJ Loftur sem tekur við eða einhver óvæntur gestur.



#### SÓLON

Brynjar Már sér um að svala djammfýsnum Sólongesta á föstudagskvöldið þegar hann þeytir skífum eins og hann hafi aldrei gert annað. Á laugardagskvöldið eru það svo félagarnir Rikki G og Heiðar Austmann sem skipta hæðunum bróðurlega með sér. Það verður sannkölluð FM-stemning á Sólon enda plötusnúðar helgarinnar allir að vinna þar.



#### VEGAMÓT

Í kvöld er það enginn annar en DJ Kári sem sér um að halda uppi fjörinu hjá mannfólkinu sem mætir á Vegamót til þess eins að hafa það ógeðslega skemmtilegt. Flottu stelpurnar þar verða í feiknastuði. Fuck yeah!!!

#### HVERFISBARINN

Partí ársins verður á Hverfisbarnum í kvöld en þeir sem vilja vita nánar um það ættu hreinlega að stilla inn á Flass fm 104,5 og hlusta. Þá veit það allt um þennan magnaða viðburð.



#### NASA

Sálin hans Jóns míns flautar til leiks á Nasa í kvöld eins og ekkert sé sjálfsagðara. Sumarið er tíminn hjá Sálinni. Á laugardagskvöld verða það svo strákarnir í Skítamóral sem sjá um sína og spila langt fram eftir nóttu eins og þeim einum er lagið. Hanni er búinn að lofa að taka gott trommusóló.

#### DÁTINN AKUREYRI

Á föstudagskvöldið á Dátanum verður það diskótekarinn Ásgeir Ólafs sem gerir allt vitlaust. Hvað þýðir það eiginlega? Jú, brjálað fjör og ekki neitt annað. Sættið ykkur við það.

#### SJALLINN

Það verður frábært sumarpartí í Sjallanum á laugardagskvöldið. Á neðri hæðinni verða það hinir margslungnu DJ Leibbi, DJ Sveinar og DJ Skari. Á efri hæðinni verður það Voice DJ sem heldur uppi geysilegri sumarstemningu.

# HVERT Á AÐ FARA UM VERSLUNARMANNAHELGINA?



**ÞAÐ ER ÚR VÖNDU AÐ RÁÐA ÞEGAR ÁKVEÐA Á HVERT SKAL HALDA UM VERSLUNARMANNAHELGINA. SIRKUS ER NÚ ÞEGAR FARINN AÐ HUGA AÐ ÞVÍ HVERT HANN ÆTLAR OG SKOÐAR HÉR STÆRSTU VIÐBURÐINA UM ÞESSA MÖGNUÐU HELGI. ÞAÐ ER NÓG UM AÐ VERA OG ÞÁ SÉRSTAKLEGA FYRIR UNGA OG GRAÐA EINSTAKLINGA.**





## ÞJÓÐHÁTÍÐ Í VESTMANNAEYJUM

Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum hefur verið haldin í rúmlega hundrað ár og alltaf stendur hún fyrir sínu. Það sem á þó til að leika þjóðhátíðargesti grátt er veðrið og hafa tjöld gjarnan verið á sveimi inni í Herjólfssdal líkt og fljúgandi furðuhlutir.

Meðal tónlistarmanna á svæðinu verða Í svörtum fötum, Á móti sól, Stuðmenn, Jet Black Joe, Todmobile, Bubbi Morthens, Dr. Spock og Hoffmann.

**Hverjir eiga að fara?** Allir þeir sem eru ungir, kátir og graðir. Dalurinn logar af losta og gleði.

**Hverjir eiga ekki að fara?** Skírlífismunkar og þeir sem eru flughræddir og sjóhræddir.

**Hvað kostar?** 9.900 inn á svæðið en 8.500 í forsölu.

**Hvaða frægur er þarna pottþétt?** Mjög líklega eyjapæjan Ragnheiður Guðfinna.



## NEISTAFLUG Á NESKAUPSTAÐ

Neistaflug á Neskaupstað er hátíð sem hefur alltaf staðið fyrir sínu. Þangað mæta ungir djammarar sem og fjölskyldufólk sem vill kannski slaka eilítið meira á en hinir. Það er nóg fjör og allt í gangi í þessu fallega bæjarstæði. Sálin hans Jóns míns, Skítamórall, Í svörtum fötum og Páll Óskar sjá um músíkina.

**Hverjir eiga að fara?** Bæði þeir sem vilja djamma stíft og hinir sem vilja koma og sjá góða dagskrá.

**Hverjir eiga ekki að fara?** Þeir sem eru hræddir um að hljóta sömu örlög og Vaidas Jucevius.

**Hvað kostar?** Frí tjaldsvæði og frítt inn á svæðið.

**Hvaða frægur er þarna pottþétt?** Einar Ágúst Víðisson sem er ættaður þaðan.







## GALTALÆKUR

Bindindismótin í Galtalæk hafa löngum verið vinsæl. Þó virðist nú sem bindindið á þeim sé ekki alltaf svo mikið. Það hefur löngum verið þekkt að unglingar hrynji í það meðan yngri systkinin horfa á Örn Árnason leika afa. Skemmtiatriðin á svæðinu eru meðal annars í höndum Hemma Gunn, Ragga Bjarna, Ingó Idolstjörnu, Bríetar Sunnu, Skítamórals og fleiri og fleiri.

**Hverjir eiga að fara?** Allir sem eru þurrkaðir og unglingar sem vilja detta í það.

**Hverjir eiga ekki að fara?** Þeir sem nenna ekki að fela áfengið sitt fyrir gæslumönnum.

**Hvaða frægur er þarna pottþétt?** Hemmi Gunn og vinir hans sem drekka ekki.

## SÍLDARÆVINTÝRI Á SIGLÓ

Síldarævintýrið er mikil stuðsamkoma. Þangað mæta Norðlendingar og oftar en ekki þeir sem einhvern tímann hafa búið á Norðurlandi. Andinn í bænum er unaðslegur og stemningin þar er góð. Það sem er hvað best við síldarævintýrið er að það er stemning þar allan daginn.

**Hverjir eiga að fara?** Allir þeir sem elska Norðurland.

**Hverjir eiga ekki að fara?** Þeir sem hata harðmæli.

**Hvaða frægur er þarna pottþétt?** Grétar Rafn Steinsson knattspyrnumaður og Kristján Möller alþingismaður.







## EIN MEÐ ÖLLU Á AKUREYRI

Hver man ekki eftir hinni alræmdu fylleríishátíð Halló Akureyri sem var feykivinsæl seint á tíunda áratugnum. Nú er komin öllu lágstemmdari hátíð þar sem betur fer um fjölskyldufólk en þeir yngstu geta engu að síður slett vel úr klaufunum. Þar er gott prógramm.

**Hverjir eiga að fara?** Þeir sem elska Skúla Gautason sem jafnan er kynnir á hátíðinni.

**Hverjir eiga ekki að fara?** Þeir sem þola ekki Skúla Gautason.

**Hvað kostar?** Ekkert inn á svæðið en rukkað er sér inn á böll sem haldin eru á skemmtistöðum bæjarins.

**Hvaða frægur er þarna pottþétt?** Það ætti enginn að láta sér bregða við að sjá Svanhildi Hólm þarna, nýbakaða móður.



## KÁNTRÍHÁTÍÐ

Kántríhátíð á Skagaströnd er eitthvað sem enginn kúreki ætti að láta framhjá sér fara. Þar koma saman kúrekar og dansa saman línudans og reka kýr áður en sólin sest. Hallbjörn Hjartarson ræður þar ríkjum þar sem hann fer eftir gresjunni ríðandi hesti á.

**Hverjir eiga að fara?** Allir þeir sem elska Hallbjörn Hjartarson.

**Hverjir eiga ekki að fara?** Allir þeir sem hata kúreka.

**Hvaða frægur er þarna pottþétt?** Mjög líklega kemur Clint Eastwood þangað.

## INNIPÚKINN

Þeir sem ekki nenna að sofa í tjaldi og vilja frekar bregða út af vananum og skella sér á tónleika, en það er ekki hægt að gera það allan ársins hring, geta skellt sér á Innipúkann. Þangað mæta einhverjir erlendar hljómsveitir og aðrar innlendar sem hafa haldið tónleika hundrað sinnum yfir veturinn. Þetta er tækifæri sem enginn ætti að láta framhjá sér fara.

**Hverjir eiga að mæta?** Þeir sem eru æstir í að mæta á tónleika og nenna ekki út úr bænum.

**Hverjir eiga ekki að mæta?** Þeir sem vilja sofa í tjaldi og djamma í pollagalla.

**Hvaða frægur er þarna pottþétt?** Dr. Gunni lítur við og Björn Hlynur leikari er líklegur.



# NÝTT&
# FERSKARA
# BLAÐ




**Siv Friðleifsdóttir**
*klár í bátana*




**Dorrit**
*stendur sig eins og drottning*




**Heiða í Idolinu**
*á lausu og fílar það í botn*




**KEMUR ÚT ALLA FIMMTUDAGA**

# ÁKVAÐ AÐ VERÐA MJÖG STERKUR

**STEFÁN SÖLVI PÉTURSSON ER VESTFJARÐAVÍKINGURINN 2006. HANN VANN KEPPNINA SEM FRAM FÓR UM SÍÐUSTU HELGI. STEFÁN ER EKKI NEMA TVÍTUGUR OG ER ÞVÍ RÉTT AÐ BYRJA.**

„Þetta var allavega það sem ég stefndi að," segir Stefán Sölvi Pétursson aflraunamaður. Stefán gerði sér lítið fyrir og vann keppnina Vestfjarðavíkingurinn 2006 sem fram fór um síðustu helgi.

### SEX MÁNAÐA ÆFINGAFERLI AÐ BAKI

Stefán Sölvi stóð ekki beint upp frá nammiáti og vídeóspólugápi til þess að sigra. Þvert á móti liggja þar þrotlausar æfingar að baki. „Ég er búinn að vera að æfa undanfarna sex mánuði með Magga Ver og Benna Magg. Við erum búnir að vera að taka á því í þessum aflraunagreinum," segir Stefán sem hefur æft sex sinnum í viku í fjórar til fimm klukkustundir í senn. „Ég á Magnúsi margt að þakka því hann er alger prófessor í þessum greinum."

### TVÍTUGT TRÖLL

Stefán er ekki nema tvítugur og því að stíga sín fyrstu skref í aflraunum. Hann tók einnig þátt í Vestfjarðavíkingnum í fyrra. „Það gekk mjög illa. Maður var enn að læra á þetta þá og ég lenti í sjöunda sæti," segir Stefán sem hefur heldur betur fært sig upp stigatöfluna. „Þetta er ágætis bæting. Ég var líka svo einbeittur fyrir þetta mót." Stefán hefur iðkað lyftingar í þrjú ár. „Ég var búinn að vera með bakteríuna í mér frá því ég var krakki að fylgjast með Jóni Páli og Magga Ver," segir Stefán sem hefur alla tíð verið fílhraustur. „Ég hef alltaf verið stór og mikill og þrekinn síðan ég var barn. Síðan ákvað ég að verða mjög sterkur og ég er enn að," segir Stefán og hlær.

### ENGINN TÍMI FYRIR HVÍLD

Menn hljóta að velta fyrir sér hvað kraftmikill og hrikalegur skrokkur eins og Stefán borðar. „Ég borða bara eins mikið og ég get hverju sinni. Mikið af kjúklingi, nautakjöti, mjólk og öðru sem gefur mér kraft," segir hann.

Þó svo að Stefán hafi rúllað upp Vestfjarðavíkingnum er hann hvergi nærri kominn í hvíld. „Það er enginn tími til þess að hvíla sig. Það eru einhverjar keppnir erlendis. Er að fara til Skotlands og Úkraínu seinna í sumar. Svo er það Austfjarðatröllið í ágúst. Ég vann þá keppni í fyrra og ég hef því titil að verja," segir Stefán Sölvi Pétursson – Vestfjarðavíkingurinn 2006.



STEFÁN SÖLVI VAR HRIKALEGUR Á VESTFJÖRÐUM ÞEGAR HANN VANN KEPPNINA VESTFJARÐAVÍKINGURINN 2006.




HERKÚLESARHALDIÐ TEKUR Á.

# FRÉTTASTOFA GILLZ – ÞORIR MEÐAN AÐRIR ÞEGJA!



Popparinn og dægurlagasöngvarinn Guðmundur Magni Ásgeirsson er þessa dagana að taka þátt í þættinum Rock Star: Supernova og er búinn að standa sig þar skítsæmilega. Ekki eru allir söngvarar landsins sáttir við ummæli Guðmundar Magna en hann sagði í fyrsta þættinum að hann væri án efa besti söngvari landsins. Fréttastofan tók viðtal við Geir Ólafs sem er að mati fréttastofunnar einn hæfileikaríkasti söngvari okkar Íslendinga. Geir hafði þetta um málið að segja: „Ég heyrði nú í þessum drullusokki honum Magna fagga í síma um daginn og þar viðurkenndi hann að þetta hefði ekki verið honum að kenna. Fólk hélt að hann hefði sagt þarna að hann væri besti söngvarinn og væri „a little bit cocky" en það sem hann sagði í rauninni var „I'm a little bit Corky" og var hann þar að vitna í þættina Life Goes On sem voru á RÚV fyrir einhverjum árum síðan en Magni kom þar sterklega til greina í að leika mongólítann í þáttunum."

Sitt sýnist hverjum um hvort Magni sé góð landkynning eða ekki en flestir eru þó sammála því að upphandleggirnir á honum séu einu ef ekki tveimur númerum of litlir en Íslendingar hafa alltaf verið þekktir fyrir að vera sterkustu menn í heimi.



Skapast hefur hálfgert stríðsástand á Húsavík undanfarna mánuði og þykir það mjög undarlegt því að það hefur ætíð verið mjög rólegur bær. Þegar fréttastofan hafði samband við Bæjarstjórann Reinhard Reynisson hafði hann þetta um málið að segja: „Já, þetta byrjaði nú allt saman þegar við fengum leikmann til að ganga til liðs við Völsung fyrr í vor, hann Sigþór Júlíusson. Þetta virkaði mjög rólegur og myndarlegur drengur en síðan fórum við að taka eftir því að hann skildi eftir sig brotin hjörtu útum allan bæ og ónýt hjónabönd en hann á víst einhvern KR-frasa sem er gjörsamlega að ganga fram af öllum kvenmönnunum hérna, ég hef ekki séð þær svona æstar síðan George Clooney stoppaði og tók bensín hjá okkur fyrir nokkrum árum," sagði Reinhard Reynisson. Fréttastofan hafði samband við Guðmund Benediktsson leikmann Vals og útskýrði hann fyrir fréttastofunni hvaða KR-frasi þetta væri sem væri að gera allt vitlaust: „Já, þessi frasi hans Sigþórs er frægur en hann sagði hann fyrst á Astró um árið, gekk upp að nokkrum fegurðardísum sem sátu á borði þarna og sagði við þær: „Sælar stelpur, Sigþór KR," og síðan girti hann niðrum sig og það er óhætt að segja að þetta hafi svínvirkað," sagði stórskyttan G. Ben.



F.S.Í., eða Félag smámæltra á Íslandi, veitti í vikunni henni Ágústu Eddu íþróttafréttamanni á RÚV heiðursverðlaun smámæltra. Ágústa er búin að vera áberandi undanfarið og þykir F.S.Í. aðdáunarvert hversu hugrökk hún er að lesa fréttir daglega en yfirleitt þora smámæltir varla að opna á sér skítuga lúðurinn.

Mikil umræða hefur verið á spjallsíðum femínista undanfarið um gula hummerinn sem Geiri á Goldfinger á og leigir út. Hafa femínistar haldið því fram að bíllinn sé notaður í kynlífsathafnir og aðra eins hórustarfsemi. Geiri vildi lítið tjá sig um málið en hann spurði blaðamann fréttastofu á móti: „Þurfa þessir femínistar ekki bara einn granítharðan, þá hætta þær kannski þessu röfli?" Fréttastofan hafði samband við Þorbjörgu Ingu Jónsdóttur, formann Kvenréttindafélags Íslands, og hafði hún þetta um málið að segja: „Þessi guli bíll er bara tól djöfulsins og þar eru hálfnaktar konur að haga sér eins og portkonur og stunda kynmök. Ekki á ég svona gulan bíl og ekki er ég með snyrt bíkinisvæði en ég stunda heilbrigt kynlíf og þetta líferni hjá þessu fólki er til háborinnar skammar."



Fréttastofan kýs að taka ekki afstöðu í þessu máli.



Bjarni töframaður hefur ákveðið að reyna fyrir sér á nýjum vettvangi en hann er kominn í heimasíðubransann. Heitir síðan hans www.leigdutherdverg.is og fékk hann hugmyndina þegar hann datt á bandarísku síðuna www.rentamidget.com en þar er hægt að leigja dverga af öllum stærðum og gerðum og fá þá í alls konar flipp og partýhöld. Náði fréttastofan í Bjarna og hafði hann þetta að segja: „Já, ef einhvern vantar dverg í eitthvert rugl, hvort sem það er dvergakast eða aukaleikari í hommaklámmynd, þá erum við klárir." Bjarni sagði þó að einungis væru tveir dvergar skráðir á síðuna eins og staðan væri í dag, hann sjálfur og Kamal Fayomi sem er svartur lítill maður. Getur fólk farið á síðuna og leigt þá félagana með litlum fyrirvara.

Fréttastofa Gillz, þorir meðan aðrir þegja.


INNI-
PÚKINN
4/5/6 ágúst á Nasa
Television
Throwing Muses
Ampop, Hjálmar, Mugison, Jomi Massage,
Speaker Bite me, Jeff Who?, Hermigervill,
Solex, Jakobínarína, Ghostigital
Benni Crespo's Gang, Donna Mess, Ég, Nortón, Weapons,
Mr. Silla/Mongoose, Æla, Jan Mayen, Eberg, Mammút,
Koja, Skakkamanage, The Foghorns
2006 NASA
Miðasala er á midi.is, í verslunum Skífunnar og í verslun Hive Grensásvegi 16.
Passi alla hátíðina 6.000 kr. og á staka daga 2.900 kr.
THULE
Hive